# FRÉTTABLAÐIÐ

181. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 3. ÁGÚST 2016




**Málað í regnbogalitum** Dagur B. Eggertsson borgarstjóri hjálpaði nemendum Menntaskólans í Reykjavík við að mála tröppurnar fyrir framan skólann í regnbogalitunum. Var það gert til að fagna Hinsegin dögum sem hófust í gær. Þeim lýkur á sunnudag en hápunktur hátíðarinnar er Gleðigangan á laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

## Uggur í Kópavogi

**LÖGREGLUMÁL** Íbúar í nágrenni íbúðar í Kópavogi þar sem eldur kom upp á sunnudagskvöld eru mjög uggandi. Áður hefur kviknað í sömu íbúð.

Kona er í gæsluvarðhaldi vegna gruns um að hafa kveikt í. Hún býr í íbúðinni ásamt karlmanni. Innanstokksmunir gjöreyðilögðust.

Tvær aðrar konur sem voru handteknar seinna sömu nótt voru að róta í skápum íbúðarinnar þegar lögreglu bar að. – ngy / sjá síðu 2


HINSEGIN VÖRUR

Finndu okkur á f

PARTÝBÚÐIN

Faxafeni 11 • Sími 534 0534


# Nær helmings hækkun á launum saksóknara

**Laun saksóknara hækka um allt að 53 prósent eftir nýja úrskurði kjararáðs. Ólafur Þór Hauksson fékk full laun héraðssaksóknara og helming launa sérstaks saksóknara í tvo mánuði. Saksóknarar segja verkefni fleiri og álagið meira.**

**KJARAMÁL** Laun saksóknara hækka um tugi prósenta eftir sérstaka úrskurði kjararáðs 6. júlí og almenna 7,15 prósenta launahækkun sem tók gildi 1. júní. Laun Helga Magnúsar Gunnarssonar vararíkissaksóknara hækka um 53 prósent í sumar og verða yfir 1,5 milljónir króna.

Þá hækka laun saksóknara hjá ríkissaksóknara um 46 prósent og verða tæplega 1,4 milljónir króna á mánuði. Hækkanirnar eru í báðum tilfellum afturvirkar og stighækkandi frá 1. júlí 2015.

Saksóknararnir sögðu verkefnum hjá ríkissaksóknara hafa fjölgað mikið og að ósamræmi væri orðið milli launa þeirra og launa saksóknara sérstaks saksóknara og dómara.

Kjararáð úrskurðaði að laun Ólafs Þórs Haukssonar héraðssaksóknara yrðu tæplega 1,6 milljónir króna og hækka þau um 11 prósent að meðtalinni hinni almennu launahækkun í sumar frá fyrra starfi hans sem sérstakur saksóknari.

Ólafur fékk greidda um 2,1 milljón króna á mánuði eða full laun héraðssaksóknara og helming launa sérstaks saksóknara frá skipun hans í embætti 28. október 2015 til síðustu áramóta. Á því tímabili gegndi hann bæði starfi héraðssaksóknara og sérstaks saksóknara.

Ólafur segir sama hátt hafa verið hafðan á varðandi laun sýslumanna og lögreglustjóra sem stýrt hafi tveimur embættum.

Þá verða laun Kolbrúnar Benediktsdóttur varahéraðssaksóknara ríflega 1,4 milljónir króna á mánuði og laun almennra saksóknara embættisins jöfn launum saksóknara hjá ríkissaksóknara, tæplega 1,4 milljónir króna á mánuði. Launin eru fjórðungi hærri en fyrir sambærileg störf hjá sérstökum saksóknara.

Í bréfum héraðssaksóknaranna til kjararáðs er bent á að auk verkefna frá sérstökum saksóknara hafi héraðssaksóknari tekið við ákæruvaldi vegna flestra brota sem ríkissaksóknari hefði farið með ákæruvald í fyrir héraðsdómi ásamt rannsókn á brotum lögreglumanna og brotum gegn valdstjórninni. – ih

**» Saksóknararnir sögðu verkefnum hjá ríkissaksóknara hafa fjölgað mikið og að ósamræmi væri orðið milli launa þeirra og launa saksóknara sérstaks saksóknara og dómara.**

### Launahækkanir

**Helgi Magnús Gunnarsson**
**vararíkissaksóknari**



53% HÆKKUN

Ríflega **1,5 milljónir króna** á mánuði

**Ólafur Þór Hauksson**
**héraðssaksóknari**



11% HÆKKUN

Ríflega **1,6 milljónir króna** á mánuði

## Fréttablaðið í dag




**SKOÐUN** Sveinn Sveinbjörnsson skrifar um leiðsögunám. 11

**SPORT** Jón Daði samdi við Úlfana á Englandi. 14

**LÍFIÐ** Leikstýrir verki um bíóstarfsmenn. 26

PLÚS 1 SÉRBLAÐ ● FÓLK


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




## Veður




Í dag verður breytileg átt, 3 til 8 metrar á sekúndu. Það verða skúrir víða um land, þá einkum síðdegis í innsveitum. Milli skúranna mun eitthvað sjást til sólar og væntanlega verður alveg þurrt á höfuðborgarsvæðinu. SJÁ SÍÐU 18

## Endalok aspa




Fjölmargar aspir voru felldar við Suðurlandsbraut í gær til þess að rýma fyrir nýjum þjónustuíbúðum fyrir aldraða. Á næstunni mun bygging 74 íbúða hefjast. Grund stendur að framkvæmdunum og er búist við því að íbúðirnar verði teknar í notkun snemma árs 2018. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

# Þúsundir sóttu útför franska prestsins Hamel

**FRAKKLAND** Þúsundir voru viðstaddar útför franska prestsins Jacques Hamel sem féll fyrir hendi tveggja vígamanna Íslamska ríkisins, þeirra Abdel Malik Petitjean og Adel Kermiche. Þeir Petitjean og Kermiche skáru Hamel á háls í Rúðuborg í júlí.

Á meðal gesta voru franskir kardínálar kaþólsku kirkjunnar og innanríkisráðherrann Bernard Cazeneuve.

Systir Hamel, Roselyne, sagði söfnuðinum að bróðir hennar, 85 ára gamall, hefði verið maður ástar og friðar. Hann hefði neitað stöðuhækkun er hann þjónaði í hernum í Alsír því hann vildi ekki gefa fyrirskipanir um að drepa aðra.

„Hann valdi fremur að þjóna guði svo hann gæti fóstrað ást og umburðarlyndi fólks úr öllum trúarbrögðum sem og trúlausra,“ sagði Roselyne.
**– þea**



Fara á Sólheima í sinni fyrstu heimsókn sem forsetahjón. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Fyrsta heimsóknin í dag

**STJÓRNSÝSLA** Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, og frú Eliza Reid heimsækja Sólheima í dag. Tekið verður á móti forsetahjónunum klukkan 11 við Sesseljuhús þar sem gestir munu meðal annars skoða sýninguna Hrein orka, betri heimur.

Forsetahjónin snæða hádegisverð með íbúum. Eftir hádegi skoða þau vinnustofur, verkstæði og fyrirtæki Sólheima. Listsýning með verkum íbúa verður skoðuð sem og sýning sem sett var upp til minningar um Íslandsgöngu Reynis Péturs.

Heimsókn forsetahjónanna lýkur með samveru í Sólheimakirkju sem hefst klukkan fjögur. Í tilkynningu segir Guðmundur Ármann, framkvæmdastjóri Sólheima, það íbúum Sólheima óvæntur og mikill heiður að fyrsta opinbera heimsókn þeirra hjóna skuli vera til Sólheima. **– jhh**




# Ítrekaðir brunar valda óhug íbúa í Skólagerði

**Áður hefur kviknað í íbúð í Kópavogi sem brann á sunnudagskvöld. Kona er í gæsluvarðhaldi vegna málsins. Er eldurinn kom upp var fólk í öðrum íbúðum í húsinu. Nágrannarnir vilja hindra fólkið sem býr í íbúðinni í að búa þar áfram.**

**SAMFÉLAG** Íbúar í nágrenni íbúðarinnar sem brann á sunnudagskvöld segja málið vekja óhug meðal þeirra. Um er að ræða parhús í Kópavogi en áður hefur komið upp eldur í sömu íbúð. Þetta staðfestir lögreglan.

Íslensk kona á þrítugsaldri er í gæsluvarðhaldi vegna gruns um að hafa kveikt í en hún býr í íbúðinni. Allt tiltækt slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var kallað út en greiðlega gekk að slökkva eldinn.

Talsverðar skemmdir urðu á húsinu að innan og gjöreyðilögðust innréttingar og innanstokksmunir. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni er rannsókn málsins í fullum gangi og er málið litið alvarlegum augum. Konan er í gæsluvarðhaldi á grundvelli rannsóknarhagsmuna.

Þrjár íslenskar konur voru handteknar á sunnudagskvöld eftir að eldurinn kviknaði.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var konan sem er í gæsluvarðhaldi handtekin á vettvangi skömmu eftir að eldur kviknaði en hinar tvær voru handteknar seinna sömu nótt eftir að nágrannar tilkynntu um óeðlilegar mannaferðir í íbúðinni. Konurnar tvær voru að róta í skápum í íbúðinni þegar lögreglu bar að. Þær voru látnar lausar nokkru síðar. Allar konurnar eru á þrítugsaldri.

Konan sem er grunuð er um að hafa kveikt í íbúðinni býr þar ásamt manni sem ekki var viðstaddur þegar er eldurinn kom upp. Íbúðin er í eigu ömmu mannsins.

Verktakar frá Sjóvá mættu á vettvang stuttu eftir að tilkynnt var um brunann.

Að sögn nágranna í götunni var fólk í húsinu þegar kviknaði í, bæði á hæðinni fyrir ofan og í næstu íbúð. Málið veki mikinn óhug enda hefði geta farið illa þó engin slys hafi orðið á fólki í þetta sinn.



Eftir brunann var komið að tveimur konum að gramsa í hillum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> Í gegnum tíðina hafi ýmiss konar vesen fylgt því. Nágrannarnir hafa komið sér saman um að reyna að gera allt til að koma í veg fyrir að fólkið flytji aftur inn.

Þá er parið sagt vera ógæfufólk og að í gegnum tíðina hafi ýmiss konar vesen fylgt því. Sprautunálar hafi fundist í garði hússins fyrir nokkru en börn búi í götunni. Nágrannarnir hafa komið sér saman um að reyna að gera allt til að koma í veg fyrir að fólkið flytji aftur inn.

**nadine@frettabladid.is**




SMÁRALIND

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FACEBOOK INSTAGRAM SNAPCHAT

# Rannsókn vegna gruns um vísvitandi smitun HIV teygist til Sviss

**LÖGREGLUMÁL** Ákærusvið lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu sendi nýlega mál hælisleitanda, sem grunaður er um að hafa vísvitandi smitað konur af HIV-veirunni, aftur til rannsóknardeildar lögreglunnar.

Maðurinn, sem er frá Nígeríu, var handtekinn og úrskurðaður í gæsluvarðhald fyrir rúmlega ári og hefur rannsókn málsins tekið langan tíma.

Staðfest er að maðurinn smitaði tvær konur hér á landi en lögreglan óskaði eftir læknisgögnum frá þeim löndum sem hann hefur verið í til að sanna hvort hann hafi vitað af smitinu eða ekki.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins teygði rannsókn lögreglu sig til Sviss en lögregluyfirvöld þar í landi heimsóttu fyrrverandi kærustur mannsins og yfirheyrðu þær.

Að sögn Snorra Birgissonar lögreglufulltrúa lauk rannsókn málsins fyrir um þremur vikum og var það sent á ákærusvið. Ákærusvið hafi hins vegar óskað eftir frekari rannsókn varðandi tiltekna þætti málsins. Rannsókn ljúki í vikunni.

Snorri segir málið fordæmalaust. „Þetta mál er bara þess eðlis að við höfum ekkert hliðstætt mál. Ákveðnir þættir í rannsókninni munu koma í ljós á síðari stigum og þá mun skýrast hvers vegna þetta hefur tekið svona langan tíma,“ segir Snorri.

Að sögn Snorra snýst rannsóknin einnig um það að kanna hvort maðurinn hafi ekki vitað að hann væri smitaður. „Við þurfum að rannsaka báðar hliðar á þessu máli.“

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er málum blandið hvort maðurinn hafi vísvitandi smitað konurnar eða óafvitandi. **– ngy**



**Lögreglufulltrúi segir málið fordæmalaust.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**Sævar Ciesielski í réttarsal.**

## Ný vísbending í Geirfinnsmáli

**DÓMSMÁL** Nýjar vísbendingar sem fram koma í óútgefinni bók Jóns Daníelssonar blaðamanns sanna sakleysi Sævars Ciesielski og annarra sem blönduðust inn í Guðmundar- og Geirfinnsmálið. Þetta sagði Ragnar Aðalsteinsson, einn verjenda sakborninga í málinu, við RÚV í gær.

Í bókinni segir RÚV ljósi varpað á mögulega fjarvistarsönnun Sævars. Jón segir að Sævar hafi sýnt fram á sakleysi sitt þegar hann hafi setið í 21 mánuð í gæsluvarðhaldi. Þá hafði Sævar sent saksóknara bréf um athafnir sínar kvöldið sem hann átti að hafa myrt Geirfinn. Sagðist Sævar hafa horft á sjónvarpsþátt umrætt kvöld og lýsti hann innihaldi þáttarins ítarlega í bréfinu.

„Þátturinn var sýndur á sama tíma og Sævar átti að vera í Keflavík. Það hefði verið illmögulegt fyrir hann að vera á þessum tveimur stöðum á sama tíma,“ sagði Jón við RÚV. **– þea**

## Stórbankar úr Evrópuvísitölu

**VIÐSKIPTI** Credit Suisse og Deutsche Bank verða ekki lengur hluti af STOXX Europe 50 vísitölunni eftir helgi. Í stað þeirra koma tæknifyrirtækið ASML Holding og byggingafyrirtækið Vinci inn að sögn Reuters.

Europe 50 vísitalan á að ná til 50 stærstu evrópsku fyrirtækjanna. Gengi bréfa í bönkunum tveimur hefur lækkað yfir 45 prósent á árinu.

Nýr forstjóri Deutsche Bank, John Cryan, einbeitir sér að því að einfalda starfsemina, lækka kostnað og draga úr sektum fyrir lagabrot. **– sg**

# Úrgangur frá framkvæmdum nálgast sömu hæðir og 2007

Magn úrgangs frá framkvæmdum hefur aukist um tuttugu prósent frá því í fyrra. Framkvæmdastjóri Sorpu segir aukninguna hljóta að tengjast efnahagsástandinu. Magnið nálgast það sem mest var árið 2007 líkt og á við um fjölda byggingarkrana. Framkvæmdaúrgangur er til dæmis timbur, innréttingar, klósett og vaskar.

**SAMFÉLAG** Magn úrgangs frá framkvæmdum hefur aukist um í kringum tuttugu prósent í tonnum talið frá því á sama tímabili í fyrra. Þetta sýna tölur Sorpu en þær taka til úrgangs frá framkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu.

Björn Halldórsson, framkvæmdastjóri Sorpu, telur að aukið magn þessa úrgangs hljóti að tengjast efnahagsástandi í landinu.

„Ég tel að það sé frekar augljóst. Fólk hefur greinilega meira á milli handanna,“ segir Björn en magn úrgangs frá framkvæmdum kemst nálægt því að vera jafn mikið og það var árið 2007 þegar mest var. „Við virðumst þó ekki alveg vera að ná sama magni en komumst nálægt því. Á árunum eftir hrun var þetta svo langtum minna en þá hvarf þessi úrgangur að mestu leyti, allavega frá stærstu byggingaraðilunum.“

Til svokallaðs framkvæmdaúrgangs telst litað og ólitað timbur, grófur úrgangur frá byggingarframkvæmdum og innréttingar.

„Það geta verið húsgögn og hvers kyns innréttingar, svo sem eldhúsinnréttingar. Einnig flokkast til dæmis klósett og vaskar þarna undir,“ segir Björn og bætir við að meira sé um það í dag að fólk endurnýi eða lagi húsnæði sitt en verið hefur síðustu ár. „Maður sér líka að byggingarbransinn er loksins að rétta úr kútnum.“

Samkvæmt úttekt Braga Fannars Sigurðssonar, sem hefur tekið saman gögn um skoðaða byggingakrana, má sjá að fjöldi byggingakrana á Íslandi í ár er svipaður og árið 2007.



**Magn úrgangs frá framkvæmdum kemst nálægt því að vera jafn mikið og árið 2007.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

„Þessar tölur sýna ekki einungis virka krana heldur í raun bara fjölda skoðaðra krana á hverjum ársfjórðungi. Tölurnar gefa okkur þó ákveðna hugmynd af ástandinu,“ segir Bragi Fannar. Vinnueftirlitið skoðaði 157 byggingakrana á fyrri helmingi þessa árs en 165 kranar voru skoðaðir á fyrri helmingi ársins 2007. **nadine@frettabladid.is**

> **Ég tel að það sé frekar augljóst. Fólk hefur greinilega meira á milli handanna.**
>
> Björn Halldórsson, framkvæmdastjóri Sorpu

**5%**

**fleiri byggingakranar voru skoðaðir á fyrri hluta árs 2007 en fyrri hluta þessa árs.**






Ford

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

Ný kynslóð Ford Focus státar af fjölmörgum tækninýjungum. Þar má nefna Torque Vectoring Control sem tryggir akstursánægju þína og endurbætta Bílastæðaaðstoð (aukabúnaður) sem nú leggur bæði í stæði sem eru samhliða og þvert á akstursstefnu. Ford Focus er búinn margverðlaunuðu EcoBoost vélinni sem hefur verið valin vél ársins (International Engine of the Year) þrjú ár í röð. ◆ Ford Focus, EcoBoost bensín 125 hö. 6 gíra beinskiptur/sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,7/5,5 l/100 km. $CO_2$ losun 108/125 g/km. ◆ Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.



Ólafur Ragnar Grímsson, fyrrverandi forseti. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Ánægð með Ólaf Ragnar

**STJÓRNMÁL** Almenn ánægja er meðal Íslendinga með störf Ólafs Ragnars Grímssonar, fyrrverandi forseta. Í nýrri könnun MMR segjast rúm 62 prósent aðspurðra ánægð með störf hans. Ólafur lét af störfum á mánudag eftir tuttugu ár í starfi.

Ánægja með störf fyrrverandi forseta reynist mismunandi eftir stuðningi aðspurðra við stjórnmálaflokka. Þannig mældust stuðningsmenn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks ánægðari en stuðningsmenn stjórnarandstöðunnar. 88 prósent framsóknarmanna sögðust ánægð en 81 prósent sjálfstæðismanna.

Hins vegar sögðust 38 prósent þeirra er styðja Samfylkinguna ánægð, 44 prósent Viðreisnarmanna og 48 prósent stuðningsfólks Vinstri grænna.

Stuðningsfólk Pírata og Bjartrar framtíðar fetuðu hins vegar milliveginn. 59 prósent Pírata sögðust ánægð en 65 prósent þeirra er styðja Bjarta framtíð. **– þea**

# Þénar hundrað krónur á dag



**Hin indverska Sharda bíður eftir viðskiptavinum á meðan dóttir hennar, Radhika, litar í litabók. Sharda þénar allt frá andvirði um hundrað króna til andvirðis um 200 króna á dag. Hún notar ágóðann af sölu sinni til að fjármagna menntun dóttur sinnar.** NORDICPHOTOS/AFP



Ýsu (Melanogrammus aeglefinus) landað í Bolungarvík. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Almennur byggðakvóti minnkar um fimmtung

**BYGGÐAMÁL** Almennur byggðakvóti sem úthlutað er til byggðarlaga, sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi og eru háð veiðum og vinnslu á botnfiski, minnkar um fimmtung milli fiskveiðiára. Þetta kemur fram í nýrri reglugerð sjávarútvegsráðuneytisins um úthlutun byggðakvóta. Byggðakvóti Byggðastofnunar eykst hins vegar um 500 tonn.

Við úthlutun aflaheimilda til byggðarlaga á þessu fiskveiðiári voru um 6.800 tonn til skiptanna en verða um 5.600 tonn á næsta fiskveiðiári sem hefst í september.

Gunnar Bragi Sveinsson sjávarútvegsráðherra segir þessa skerðingu eiga sér skýringar. Byggðarlög sem eru í vanda vegna samdráttar og eru háð veiðum á botnfiski verða fyrir skerðingu vegna brests í uppsjávarveiðum. „Heildarkvóti til byggða landsins hefur aukist undanfarin ár í takt við vilja þings og ríkisstjórnarinnar. Hins vegar, meðal annars vegna loðnubrests, er úr minna að moða í ár og því varð að laga tölurnar að því. Um tvenns konar byggðakvóta er að ræða, almennan byggðakvóta og byggðakvóta Byggðastofnunar. Vilji okkar hefur verið að auka vægi byggðakvóta Byggðastofnunar en úttekt Vífils Karlssonar á þeim kvóta sýndi að hann lofar góðu og gaf Vífill aðferðafræðinni góð meðmæli,“ segir Gunnar Bragi.

Lilja Rafney Magnúsdóttir, þingmaður VG, segir þetta tilefni til þess að atvinnumálanefnd komi saman og ræði málin. Mikilvægt sé að pólitísk umræða fari fram um stefnu stjórnvalda í byggðamálum og skiptingu byggðakvóta. „Það orkar tvímælis ef skerðing á að koma þarna fram á sama tíma og aukning er í kvóta á þorski til að mynda. Þarna er verið að skerða kvóta til byggðarlaga sem síst skyldi. Atvinnuveganefnd ætti að taka þetta til umfjöllunar og ræða stefnu stjórnvalda,“ segir Lilja Rafney. **– sa**

**Á ÞESSU FISKVEIÐIÁRI**
**6.800 tonn**
til skiptanna

**Á NÆSTA FISKVEIÐIÁRI**
**5.600 tonn**
til skiptanna

# Segir Orkustofnun tala fyrir gamaldags gildum

**Svandís Svavarsdóttir telur Orkustofnun tala óhikað fyrir gamaldags, þröngum nýtingarsjónarmiðum. Orkumálastjóri vísar gagnrýni umhverfisráðherrans fyrrverandi á bug. Vill skoða fleiri kosti áður en þeir fara óskoðaðir í vernd.**

**ORKUMÁL** Svandís Svavarsdóttir, fyrrverandi umhverfisráðherra, gagnrýnir Orkustofnun harðlega fyrir að tala fyrir þröngum og gamaldags nýtingarsjónarmiðum, eins og hún kallar það.

Segir Svandís Orkustofnun tala eins og hagsmunaaðili þeirra sem vilja virkja sem mest. Orkumálastjóri vísar ummælunum á bug.

Orkustofnun sendi í síðustu viku frá sér rýni á drög verkefnastjórnar rammaáætlunar þar sem stofnunin taldi of varfærnislega farið og vildi setja fleiri möguleika í nýtingu en verkefnastjórnin. Svandís er ósátt við þessa nálgun.

„Það er náttúrlega með ólíkindum að Orkustofnun, sem er ríkisstofnun, skuli tala hér eins og beinn hagsmunaaðili. Hér er stofnunin að vega að trúverðugleika verkefnisstjórnar rammaáætlunar án þess að fyrir því séu nokkur haldbær rök. Greinilegt er að stofnuninni þykir hæfa að viðhafa mjög gildishlaðna nálgun í sinni umfjöllun eins og með því að tala um „óhóflega mikla varfærni“. Þetta orðalag er algjörlega á skjön við þær breytingar sem orðið hafa í lagasetningu og viðhorfum á Íslandi,“ segir Svandís.

Guðni A. Jóhannesson orkumálastjóri segir það ábyrgt af stofnuninni að senda frá sér rýni sem þessa. Hann segir mikilvægt að allt sé uppi á borðum áður en Alþingi taki endanlega ákvörðun um vernd eða nýtingu.

„Í raun og veru er það eina sem við erum að gera að sjá til þess að allar hliðar máls séu dregnar fram og menn taki upplýstar ákvarðanir. Það er þings að ákveða hvað verður virkjað en ekki verkefnastjórnar og því mikilvægt að sem flestir kostir séu skoðaðir gaumgæfilega fyrir þingið,“ segir Guðni.



Svandís segir kröfu um hálendisþjóðgarð æ háværari. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Greinilegt er að stofnuninni þykir hæfa að viðhafa mjög gildishlaðna nálgun í sinni umfjöllun.**



Svandís Svavarsdóttir, fyrrverandi umhverfisráðherra

**Það er alvörumál þegar verkefnastjórn hafnar virkjanakostum upp á um 150 megavött.**



Guðni A. Jóhannesson orkumálastjóri

„Það er alvörumál þegar verkefnastjórn hafnar virkjanakostum upp á um 150 megavött og með því lækka þjóðartekjur sem því nemur um áratugi. Þetta eru afdrifaríkar ákvarðanir. Því erum við að koma okkar sjónarmiðum á framfæri,“ bætir Guðni við.

Svandís segir rýni Orkustofnunar gamaldags hugsunarhátt.

„Á sama tíma og sífellt fleiri leggja áherslu á mikilvægi óspilltrar náttúru og krafan um hálendisþjóðgarð á stöðugt fleiri fylgismenn er hjákátlegt að ríkisstofnun eins og Orkustofnun skuli með svo afgerandi hætti og óhikað tala fyrir gamaldags, þröngum nýtingarsjónarmiðum,“ segir Svandís.

**sveinn@frettabladid.is**


ÚTSALA
Vango Stanford 600
Verð áður kr. 99.995,-
Verð 69.997,-
Vango Trek Standard
Verð áður 8.995,-
Verð 6.297,-
Valdir bakpokar
30% afsláttur
Vango Alpha 300
Verð áður kr. 24.995,-
Verð 17.497,-
Ternua Cleadye
Verð áður 20.995,-
Verð 10.498
Gönguskór
20-70% afsláttur
Svefnpokar
20% afsláttur
Allur fatnaður
30-70% afsláttur
Valin göngutjöld
20% afsláttur
30-50% afsláttur af öllum hjólum
STEVENS
BIKES
WHEELER
WORLDWIDE
Stevens Izoard
Verð áður 349.995,-
Verð 244.997,-
Wheeler Cross 6.4
Verð áður 159.995,-
Verð 111.997,-
30% afsláttur
af öllum hjálmum
Wheeler Reactor 700
Verð áður 89.995,-
Verð 44.998,-
Wheeler Eagle Race 500
Verð áður 189.995,-
Verð 132.997,-
MAMMUT
hanwag
OUTDOOR FOOTWEAR
SINCE 1921
OR OUTDOOR RESEARCH
HILLEBERG
THE TENTMAKER
TERNUA
Vango
EVEREST
Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is
PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF

# Tesla kaupir SolarCity

**VIÐSKIPTI** Forsvarsmenn Tesla hafa tilkynnt að fyrirtækið hafi náð samningum um kaup á SolarCity fyrir 2,6 milljarða Bandaríkjadala, jafnvirði 310 milljarða íslenskra króna.

SolarCity framleiðir sólskildi og er ætlunin að færa út kvíar Tesla í orkuiðnaði með kaupunum. Tesla er leiðandi fyrirtæki á sviði rafbíla en hóf á síðasta ári einnig sölu á rafhlöðum fyrir heimili og fyrirtæki.

Elon Musk, forstjóri Tesla, á 22 prósenta hlut í SolarCity og situr í stjórn fyrirtækisins. Samkvæmt samningnum hafa forsvarsmenn SolarCity frest til 14. september til að leita tilboða frá öðrum áhugasömum aðilum.

Í júnímánuði var greint frá fyrirhugaðri yfirtöku, en þá hafði SolarCity átt í miklum fjárhagslegum erfiðleikum undanfarin misseri. Í kjölfar tilkynningarinnar hrundi gengi hlutabréfa í Tesla en aftur á móti snarhækkuðu bréf í SolarCity.

Með sameinaða fyrirtækinu segir Musk að hann vilji að fyrirtækið verði eina samþætta tæknifyrirtæki í heiminum sem bjóði hreinar orkuvörur frá byrjun til enda, bæði sólskildi, rafhlöður með heimageymslu og rafbifreiðar. Tesla mun opna risastóra nýja verksmiðju til að framleiða rafhlöður fyrir mun fleiri tæki en bíla.

Musk birti nýlega nýtt Masterplan um hvernig hann sér framtíð Tesla fyrir sér og er yfirtaka á SolarCity í takt við þær áætlanir.

Ekki eru allir sammála Musk um gæði yfirtökunnar. BBC segir að fjárfestirinn Jim Chanos hafi lýst samningnum sem „skammarlegu dæmi um verstu stjórnarhætti fyrirtækja“. – sg



Kaup Tesla á SolarCity eru í takt við Masterplan-áætlun Elons Musk.

# Clinton á hraðri uppleið í könnunum

**Fyrir fáum dögum voru Hillary Clinton og Donald Trump næstum því hnífjöfn í skoðanakönnunum. Fylgistölurnar hafa nú snúist Clinton nokkuð hratt í vil eftir landsþing demókrata. Umdeild orð Trumps sjálfs eru talin ein helsta ástæðan fyrir dvínandi fylgi hans.**

Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@frettabladid.is

**BANDARÍKIN** Hillary Clinton er á hraðri uppleið í skoðanakönnunum, en Donald Trump að sama skapi á niðurleið.

Við þessu mátti reyndar búast eftir alla athyglina sem hún fékk á landsþingi Demókrataflokksins í síðustu viku. Í vikunni á undan var landsþinga repúblikana, þar sem Trump var aðalgæinn í sviðsljósi fjölmiðlanna. Næstu dagana á eftir fór hann upp í könnunum en hún niður.

Þessar fylgissveiflur í kjölfar flokksþinganna eru vel þekktar í bandarískum stjórnmálum. Þær eiga til að jafnast út þegar frá líður, en þetta árið virðist uppsveifla Clinton verða stærri en uppsveifla Trumps.

Samkvæmt samantekt á fréttavefnum realclearpolitics.com mælist Clinton nú að meðaltali með 4,4 prósenta forskot á Trump í nýjustu skoðanakönnunum á landsvísu. Fyrir réttri viku var Trump hins vegar kominn með 1,1 prósents forskot.

Á kosninga- og tölfræðivefnum fivethirtyeight.com er grannt fylgst með skoðanakönnunum og fylgishreyfingum og mikil vinna lögð í að reikna út líkur á mismunandi útkomu þegar að kosningum kemur.

Þar eru líkurnar á sigri Clinton í nóvember nú metnar 66 prósent en Trump mælist með 34 prósenta líkur á sigri. Þessi líkindareikningur er byggður á öllum marktækum skoðanakönnunum, ásamt upplýsingum um samsetningu kjósendahópsins og reynslu úr eldri kosningum.

Á laugardaginn var staðan nærri jöfn, Trump með 50,1 prósents líkur á sigri en Clinton með 49,9 prósent.

Á fivethirtyeight.com kemur einnig fram að ef kosningarnar væru haldnar væru 83,8 prósenta líkur á sigri Clinton en aðeins 16,2 prósenta líkur á því að Trump sigri.

Staðan er þar með orðin svipuð því sem hún var í byrjun júlí, áður en landsþingin hófust og áður en niðurstöður úr rannsókn alríkislögreglunnar á tölvupóstum Clinton voru gerðar opinberar.

Fyrir réttri viku voru líkurnar á sigri Trumps, ef kosið væri þá, hins vegar metnar á 55,4 prósent en sigurlíkur Clinton voru 44,6 prósent samkvæmt fivethirtyeight.com.

„Þetta eru góðar fréttir fyrir Clinton, en við þurfum að bíða í nokkrar vikur og sjá hvort hún getur haldið uppsveiflunni áður en við getum dregið þá ályktun að kosningabaráttan hafi tekið grundvallarbreytingum,“ segir Nate Silver, kosningatölfræðingurinn sem heldur úti vefnum fivethirtyeight.com og hefur þar fjölmargt starfsfólk á sínum snærum við útreikning á fylgistölum.



Donald Trump kom fram á kosningafundi á mánudag, enda heldur kosningabaráttan áfram þangað til í nóvember. NORDICPHOTOS/AFP

## Trump að missa tökin?

Fylgissveiflurnar undanfarið skýrast ekki aðeins af athyglinni sem flokksþingin tryggja frambjóðendunum. Þar kemur fleira til.

Þannig er talið fullvíst að Clinton hafi misst fylgi vegna frétta af tölvupóstum hennar, en að sama skapi tapi Trump nú fylgi ekki síst vegna umdeildra orða hans sjálfs.

Þar munar líklega mest um þegar hann fór að gera lítið úr fjölskyldu hermanns sem féll í Írak. Fjölskyldan er íslamskrar trúar og hafa orð Trumps í garð hennar verið mikið í fréttum vestanhafs síðustu dagana.

Margir repúblikanar, þar á meðal John McCain og Jeb Bush, hafa harðlega gagnrýnt Trump fyrir þetta.

Þá rifja bandarískir fjölmiðlar rifja upp að Trump hafi sjálfur komið sér undan herþjónustu, sem almennt er ekki vel séð í Bandaríkjunum.

Staða Trumps virðist svo ekki hafa skánað þegar hann fór að hvetja Rússa til þess að stunda njósnir um Clinton, eða þegar hann nú síðast tók upp á því að segja Clinton vera djöfulinn sjálfan. Hann sagði demókratann Bernie Sanders, sem lengi vel barðist gegn Clinton um útnefningu flokksins, hreinlega hafa gert samning við djöfulinn þegar hann ákvað á endanum að styðja Clinton. „Hún er djöfullinn sjálfur,“ fullyrti Trump.



Ghazala og Khizr Khan á landsþingi Repúblikanaflokksins í síðustu viku. Sonur þeirra féll í Íraksstríðinu. NORDICPHOTOS/EPA

## Skoðanakannanir

**Meðaltal nýjustu kannana**

| CLINTON | TRUMP |
|---|---|
| 46,4% | 42,0% |

*Heimild: realclearpolitics.com*

**Líkur á sigri í nóvember**

| CLINTON | TRUMP |
|---|---|
| 66,0% | 44,0% |

*Heimild: fivethirtyeight.com*

**Líkur á sigri ef kosið væri nú**

| CLINTON | TRUMP |
|---|---|
| 83,8% | 16,2% |

*Heimild: fivethirtyeight.com*

**Þetta eru góðar fréttir fyrir Clinton, en við þurfum að bíða í nokkrar vikur og sjá hvort hún getur haldið uppsveiflunni áður en við getum dregið þá ályktun að kosningabaráttan hafi tekið grundvallarbreytingum.**

Nate Silver, kosningatölfræðingur



ÚRVAL ÚTSÝN

# BÓKAÐU SÓL OG HITA Í ÁGÚST

**KOMDU MEÐ OKKUR Í SÓLINA, VIÐ HÖLDUM ÁFRAM MEÐ SAMA LÁGA VERÐIÐ. SÖLUMENN SVARA Í SÍMA 585 4000 OG TAKA VEL Á MÓTI VIÐSKIPTAVINUM Í HLÍÐASMÁRA 19, ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á UU.IS.**

FLOTT VERÐ FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR!

FLJÚGUM VIKULEGA TIL KANARÍ — FRÁBÆRIR FLUGTÍMAR

MALLORCA



Santa Ponsa
## VISTA CLUB ★★★
Fæði | Strönd 150 m

VERÐ FRÁ **54.900 KR.***
*á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi. 9.-16. ágúst. Verð á mann m.v. 2 fullorðna 77.600 kr.

Góðar íbúðir við Santa Ponsa ströndina um 300 metra frá miðbæ Santa Ponsa. Verslanir, kaffihús og veitingastaðir eru í göngufæri.

VINSÆLT!

MALLORCA



Alcudia
## SOL ALCUDIA CENTER★★★
Skemmtidagskrá | Fæði | Strönd 50 m

VERÐ FRÁ **89.900 KR.***
*á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherb. 16.–29. ágúst. Verð á mann m.v. 2 fullorðna 138.900 kr.

Góðar íbúðir með 1 svefnherbergi eða stúdíó íbúðir. Skemmtilegur sundlaugagarður og boðið upp á fjölbreytta skemmtidagskrá á kvöldin fyrir fullorðna og börn.

KANARÍ



Meloneras
## TENEGUIA ★★
Strönd 500 m

VERÐ FRÁ **57.900 KR.***
*á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með einu svefnh. með sundlaugarsýn. 10.–17. ágúst. Verð á mann m.v. 2 fullorðna 68.900 kr.

Íbúðagisting staðsett við Tirajana götuna. Stutt er í alla þjónustu, verslanir og veitingahús. Ganga niður að strönd tekur u.þ.b. 10 mínútur.

KANARÍ



Maspalomas
## MASPALOMAS PRINCESS ★★★★
Barnaklúbbur | Fæði | Strönd 1,5 km

Verð frá **99.900 KR.***
*á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn í tvíbýli með hálfu fæði. 17.–24. ágúst. Verð á mann m.v. 2 fullorðna í einu svefnh. 129.900 kr.

Glæsilegt hótel með 4 stórum sundlaugum í suðrænum stíl með góðri sólbaðsaðstöðu. Gerviströnd og tvær barnalaugar.

STÖKKTU Á MORGUN

ALMERÍA / ALLT AÐ 5 MANNS



Roquetas de Mar
## PIERRE VACANCES ★★★
Barnaklúbbur | Fæði | Strönd 500 m

Verð frá **69.900 KR.***
*á mann m.v. 2 fullorðna og 3 börn í íbúð með 2 svefnherbergjum. 4.–11. ágúst. Verð á mann m.v. 2 fullorðna 105.900 kr.

Nýleg íbúðagisting með sundlaug og barnalaug í garðinum. Staðsett um 500 m frá strönd. Frábær kostur fyrir stórar fjölskyldur í leit að góðri gistingu.

BENIDORM / LÖNG HELGI



Benidorm
## BALI ★★★★
Internet | Barnaklúbbur | Fæði | Strönd 400 m

Verð frá **79.900 KR.***
*á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli með hálfu fæði. 5.–10. ágúst. Verð á mann m.v. 2 fullorðna 98.900 kr.

Herbergi með tveimur stórum rúmum, auk svefnsófa. Allskonar afþreying fyrir alla aldurshópa. Stór útiaðstaða fyrir sundlaugagesti með bar sem selur mat og drykk.

Ath. Gildir aðeins með nýjum bókunum. Verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og stafabrengl.

Innifalið í verði hjá Úrvali Útsýn er flug, gisting, íslensk fararstjórn, flugvallaskattar, ferðataska og handfarangur.

Úrval Útsýn | Hlíðasmára 19 | 201 Kópavogi | 585 4000 | uu.is

# Sagan



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Hinsegin dagar, menningar- og mannréttindahátíð hinsegin fólks á Íslandi, hófust í gær. Forsíðu Fréttablaðsins prýðir, annað árið í röð, mynd af borgarstjóra, ásamt stjórn hátíðarinnar, að regnbogamála götu fyrir utan eitt helsta kennileiti borgarinnar, Menntaskólann í Reykjavík.

Hátíðin, sem nær hápunkti sínum með Gleðigöngunni á laugardag, hefur stækkað ört og er nú orðin ein stærsta útihátíð landsins. Auk þess að safna saman tugþúsundum í samstöðu- og gleðigöngu er öll vikan undirlögð viðburðum af öllu tagi, fjölbreyttum og skemmtilegum og til þess föllnum að höfða til eins margra og mögulegt er.

Fyrir þá sem ekki lifa og hrærast í réttindabaráttu samkynhneigðra kann að virðast sem lítið sé eftir til að berjast fyrir. Hér njóta samkynhneigðir að flestu leyti sömu réttinda og aðrir og sá árangur sem náðst hefur í baráttunni hefur vakið athygli út fyrir landsteinana.

Það er hins vegar þannig að með breyttum tímum ávinnst ýmislegt en í staðinn taka ný vandamál og áskoranir við, vandamál og áskoranir sem líklegast voru ávallt til staðar en hafa ekki komist að fyrr en nú.

Þrátt fyrir góðan árangur á ýmsum sviðum sitja nefnilega önnur eftir. Réttindi til dæmis trans- og intersexfólks, auk annarra sem tilheyra jaðarhópum hinsegin fólks, eru oft fótum troðin sem byggist ekki síst á vanþekkingu og fordómum. Meira að segja frjálslyndasta fólk sem vill öllum vel þarf að vera í sífelldri endurskoðun á eigin afstöðu, hugmyndafræði og hugsunarhætti.

Og árásin í Orlando í Flórída, þar sem 49 einstaklingar voru myrtir á skemmtistað fyrir LBGT fólk fyrir skömmu, minnir okkur á að víðsvegar þarf hinsegin fólk að lifa við ofbeldi, kerfisbundið misrétti, fordóma, einelti, skert atvinnuöryggi og lífshættu. Það er því miður ekki svo langt síðan Íslendingar voru meðal þeirra þjóða sem komu fram við samkynhneigða með þessum hætti. Leiðin þangað sem við erum þó komin er vörðuð þöggun, einelti, ofbeldi og skömm.

Þema hátíðarinnar í ár er sagan okkar – saga hinsegin fólks. Í tímariti Hinsegin daga segir í opnunarbréfi stjórnar að þrátt fyrir að saga hinsegin fólks hafi ekki verið skráð nema að litlu leyti, búi hún innra með okkur, sér í lagi þeim sem eldri eru. „Sagan okkar verður til þegar þessi orð eru skrifuð og lesin og það er á okkar ábyrgð að feta hinn vandrataða milliveg milli fortíðar og framtíðar; læra af því sem gerst hefur og reyna um leið að sjá fyrir hvað mun hafa farsælust áhrif á framtíðina og þjóna hinsegin fólki samtímans sem best."

Það verður ekki annað séð en að sagan af baráttu hinsegin fólks, af öllum stærðum og gerðum, sé rétt að byrja. Það er vel. Það verður barist fyrir virðingu, sýnileika og mannréttindum. Það er sjálfsögð krafa allra að njóta þeirra. Vonandi mun sagan sú hljóta góðan endi. *Gleðilega hátíð!*

**Leiðin þangað sem við erum þó komin er vörðuð þöggun, einelti, ofbeldi og skömm.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Óvænt fjarvera**

**Það kom mörgum á óvart að Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, þingmaður og formaður Framsóknarflokksins, skyldi vera fjarverandi við innsetningu Guðna Th. Jóhannessonar í embætti forseta Íslands á mánudaginn. Skýringin sem hann gaf fjölmiðlamönnum var sú að hann væri á ferðalagi. Þingmaðurinn skipuleggur sig ekki vel, enda er kveðið á um kjörtímabil forsetans í stjórnarskrá lýðveldisins. Það hafði því legið ansi lengi fyrir að þingmaðurinn átti að sinna embættisstörfum á mánudaginn, en ekki vera á ferðalagi í einkaerindum.**

**Í kosningaundirbúningi?**

**Áðurnefnd fjarvera Sigmundar Davíðs við athöfnina ber honum ekki gott vitni og líklegast hefur hún valdið honum álitshnekki víða. En eflaust hefur hann sínar skýringar. Kann að vera að á meðan aðrir þingmenn fylgdust með nýja forsetanum hafi Sigmundur verið í heimakjördæmi sínu, Norðausturkjördæmi, að sýna sig og sjá aðra áður en stillt verður á lista fyrirkomandi þingkosningar. Þetta er ekki ósennileg skýring. Því þótt Sigmundur Davíð telji kosningar í haust óþarfar veit hann sem er að þær eru óumflýjanlegar. Og aldrei að vita nema hann sé langt kominn í undirbúningi.**

**jonhakon@365.is**

# Grindhvaladráp Færeyinga



Linda Karen Gunnarsdóttir, hestafræðingur

Það er bundið í lög hérlendis og hjá flestum siðmenntuðum þjóðum að dýr séu aflífuð án þess að önnur dýr verði þess vör. Vilji nútímasamfélaga er að dýr þurfi ekki að líða streitu á blóðvelli. Nágrannaþjóð okkar í Færeyjum stundar veiðar á spendýrum sem er andstæð dýravelferð þar sem þessum dýrum er slátrað í hópum á blóðvelli. Aðfarir sem eiga ekki heima í nútímanum. Veiðarnar fara þannig fram að hjörð af grindhvölum er rekin af smábátum inn fjörð sem loka leiðinni út með sérstökum netum. Hvalirnir eru reknir upp að fjöru þar sem menn taka á móti þeim og stinga krók ofan í loftopið á þeim og draga upp í fjöruna. Þegar hvalurinn er kominn á grunnt er hann stunginn í mænuna með hníf sem kallast mønustingari. Það getur tekið hvalinn allt frá nokkrum sekúndum upp í nokkrar mínútur að drepast, allt fer það eftir stungunni. Hvalirnir liggja á blóðvelli og sjá önnur dýr aflífuð sem er mjög grimmilegt. Svona meðferð myndi aldrei nokkurn tímann líðast á búfé.

Grindhvaladráp Færeyinga á sér margra alda sögu og er orðið að þjóðarhefð. Haldið er fast í þessa hefð þrátt fyrir að engin þörf sé fyrir kjötið af þessum dýrum eins og áður var og er hvalkjötið einnig svo mengað að mælt er með því í landinu að neyta þess ekki nema örfá skipti á ári. Verður því að líta svo á að grindhvaladrápinu sé helst viðhaldið til skemmtunar, enda hópast gjarna margir áhorfendur að til að horfa á þessa árlegu fjöldaslátrun.

Nautaat er þjóðarhefð á Spáni þar sem naut eru pyntuð og drepin, fólki til skemmtunar. Hér heyrast fáar raddir sem tala fyrir nautaati, enda grimmileg meðferð á dýrum. Grindhvaladráp Færeyinga er ápekk hefð og nautaatið á Spáni. Það vekur furðu mína hve margir hér á landi styðja þessar ómannúðlegu veiðar Færeyinga og bera fyrir sig orðið þjóðarhefð, í stað þess að tala á móti veiðunum út frá sjónarmiði dýravelferðar. Ef um væri að ræða færeyskt búfé væri uppi fótur og fit í mótmælum á Íslandi, en af því þetta eru sjávarspendýr þá lætur fólk sig þetta minna varða sem er miður. Færeyingar þurfa að færa sig til aukinnar dýravelferðar og hætta veiðum á grindhval.

**Hér heyrast fáar raddir sem tala fyrir nautaati, enda grimmileg meðferð á dýrum.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is*
**LÍFIÐ:** Gyða Lóa Ólafsdóttir *gydaloa@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Samþjöppun aflaheimilda, kvótauppboð í Færeyjum og félagsleg áhrif kvótakerfisins



Þórólfur Matthíasson
hagfræði-prófessor

Frá 1990 til 2015 jókst hlutur 10 stærstu íslensku sjávarútvegsfyrirtækjanna í heildarkvótanum úr 22% í 50,5%. Þessi þróun skýrist að hluta af tækniþróun þar sem afkastageta hverrar einingar eykst. Kvótakerfið ýtir einnig undir samþjöppun aflaheimilda. Nýleg kaup HB Granda á kvóta Þorlákshafnarfyrirtækisins Hafnarness Vers er dæmi um áhrif kvótakerfisins þar sem fjármálastofnun knýr fyrirtæki sem hefur skuldsett sig um of í fjárhagslega endurskipulagningu. Ástæðu skuldsetningar og lakrar eiginfjárstöðu má m.a. rekja til kaupa aflaheimilda (2006) og til veglegra arðgreiðslna árið 2007 (sjá Rannsóknarskýrslu Alþingis 9. bindi, bls. 67). Eðlilega spyrja íbúar Þorlákshafnar sig að því í hverju yfirburðir Vestmannaeyja eða Vopnafjarðar felist þegar kemur að vali á útgerðarstað. Líklega treystir fjármálastofnunin HB Granda betur til að halda lánum í skilum en eigendum Þorlákshafnarfyrirtækisins. Nálægð Þorlákshafnar við fiskimið og afburðastaðsetning gagnvart flutningakerfum til og frá landinu dugar ekki til að vega upp á móti lélegri eiginfjárstöðu.

### Hagræðingin

Þrátt fyrir hnökra þá hefur kvótakerfið stuðlað að hagræðingu í rekstri íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja. Kerfið ýtir undir nýtni og sparsemi þegar kemur að útgerðarkostnaði og úrvinnslu sjávaraflans. Hagræðingin eykur framlegð á hvert kíló landaðs afla og endurspeglast í verði kvótans og í hagnaði kvótasterkra útgerðarfyrirtækja. Hagræðingin á sér ýmsar hliðar: Við sölu aflaheimilda geta eigendur greitt skuldir og jafnvel komið sér upp myndarlegum eftirlaunasjóði. En öðrum hlutaðeigandi, áhafnarmeðlimum og fiskverkafólki, er í besta falli boðinn flutningsstyrkur og aðstoð við að finna leiguhúsnæði á nýjum stað. Engir eftirlaunasjóðir eða skuldauppgjör fyrir það fólk! Það er kannski tilviljun að frá 1990 hefur raunfermetraverð íbúðarhúsnæðis í Vestmannaeyjum hækkað um 50% meira en fermetraverð húsnæðis í Þorlákshöfn, kannski er það afleiðing duttlunga kvótakerfisins eins og það er útfært af íslenskum stjórnvöldum. Við vitum það ekki vegna þess að íslensk stjórnvöld hafa ekki ráðist í bráðnauðsynlega félagslega úttekt á afleiðingum kvótakerfisins. Stjórnvöld hafa beitt byggðakvóta, strandveiðum og sértækum aðgerðum Byggðastofnunar til að lina högg sem kvótakerfið veldur. En vegna þess að stjórnvöld vita lítið um félagslegar afleiðingar kvótakerfisins eru allar opinberar aðgerðir til að lina hinar neikvæðu afleiðingar kerfisins í skötulíki, ómarkvissar og máttlitlar. Sala á aflaheimildum Hafnarness Vers sýnir að hagræðingaráhrif íslenska kvótakerfisins eru ekki algild.

**Hagræðingin á sér ýmsar hliðar: Við sölu aflaheimilda geta eigendur greitt skuldir og jafnvel komið sér upp myndarlegum eftirlaunasjóði. En öðrum hlutaðeigandi, áhafnarmeðlimum og fiskverkafólki, er í besta falli boðinn flutningsstyrkur og aðstoð við að finna leiguhúsnæði á nýjum stað. Engir eftirlaunasjóðir eða skuldauppgjör fyrir það fólk!**

### Óheppilegar afleiðingar

Það er allrar athygli vert að Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi hafa nýverið opnað augu sín gagnvart óheppilegum afleiðingum samþjöppunar í sjávarútvegi. Daginn eftir að HB Grandi keypti kvóta Hafnarness Vers birtu tveir talsmenn samtakanna grein í Fréttablaðinu þar sem möguleg samþjöppun fiskveiðiheimilda Færeyinga í rússneskum hluta Barentshafs er hörmuð. Látum liggja milli hluta að áhyggjur talsmannanna eru ástæðulausar. Um var að ræða heimildir til að veiða minna en bátsfylli af botnfiski og því ekki möguleiki á að dreifa þeim heimildum á fleiri en einn stað.

En væntanlega eru þessi skrif talsmannanna merki þess að Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi vilji axla ábyrgð og styrkja frekari rannsóknir á félagslegum afleiðingum kvótakerfisins á Íslandi og taka þátt í að fjármagna aðgerðir til að takast af festu og alvöru á við neikvæðar afleiðingar kerfisins.

# Um Ferðamálaskóla Íslands og leiðsögumenn



Sveinn Sveinbjörnsson
leiðsögumaður, hópbifreiðastjóri og fiskifræðingur



Tvær helgar í röð, þann 11.6. og 18.6., var ráðist á Ferðamálaskóla Íslands í Fréttatímanum af ótrúlegri óbilgirni og virðast árásirnar byggðar á sögusögnum frekar en staðreyndum eða í besta falli á misskilningi. Ekki er í mínum huga neinn vafi á því undan hvaða rótum þessi skrif eru runnin og erfitt er að verjast þeirri hugsun að e.t.v. hafi vina- og kunningjasamfélagið fengið rödd hjá þeim sem svona skrifa og tala.

Félag leiðsögumanna er félagsskapur sem hefur tekið sér það hlutverk óumbeðið að ákveða hvaða skólar geta útskrifað „alvöru“ leiðsögumenn og bera við að námið sem þeir stunduðu sé samkvæmt viðurkenndri námskrá en nám annarra ekki. Fulltrúar þeirra skóla sem félagar í Félagi leiðsögumanna gengu í taka svo þátt í leiknum og hamra á keppinautnum.

Nú vil ég benda þessu ágæta fólki á að það er engin samræmd eða viðurkennd námskrá til fyrir leiðsögumenn sem viðurkennd er af yfirvöldum menntamála. Þetta geta allir kynnt sér sem áhuga hafa á og fengið staðfest hjá menntamálaráðuneyti. Þessir skólar og þeirra nemendur eru í raun aðeins að viðurkenna sjálfa sig og nám það sem þeir bjóða upp á, en lítilsvirða aðra og það nám sem þeir hafa stundað. Þeim er auðvitað leyfilegt að upphefja sjálfa sig á þennan hátt en gott væri að þeir gerðu sér grein fyrir að þetta hefur enga merkingu nema í huga þeirra sjálfra. Talsmenn Félags leiðsögumanna eru þannig að blekkja sína eigin félagsmenn og almenning.

### Hrokafull afstaða

Félag leiðsögumanna heldur því fram að verið sé að gjaldfella nám leiðsögumanna með útskrift leiðsögumanna úr öðrum skólum en þeim sem þeir hafa útskrifast úr og hefur krafist þess að fá námskrá Ferðamálaskóla Íslands til skoðunar og til að meta hvort hún uppfylli einhverjar kröfur sem þeir setja og endurspegla væntanlega það nám sem þeir stunduðu. Ég er ekki hissa á því þó Ferðamálaskóli Íslands sé ekki áfjáður í að láta fulltrúa keppinautanna gera slíkt mat á náminu. Miðað við þau skrif sem birst hafa að undanförnu er þess varla að vænta að mikillar sanngirni verði gætt við slíka úttekt. Auk þess er það nokkuð hrokafull afstaða hjá Félagi leiðsögumanna að ætla sér að taka að sér hlutverk og hafa einhvers konar úrskurðarvald í máli sem ætti að vera í höndum menntamálayfirvalda.

Ég útskrifaðist úr Ferðamálaskóla Íslands og er óhræddur við slíkt mat af óvilhöllum aðilum. Ég er búinn að kynna mér nokkuð námskrá leiðsögumannanáms Menntaskólans í Kópavogi og tel ég að nám í Ferðamálaskóla Íslands í almennri leiðsögn standi námi þess skóla ekkert að baki og sé í flestu sambærilegt þó það sé ekki nákvæmlega eins.

En nú færist skörin heldur betur upp í bekkinn er upplýsingafulltrúi Samtaka ferðaþjónustunnar, Skapti Örn Ólafsson, blandar sér í málið, auðsjáanlega fóðraður á „junk food“ hjá Félagi leiðsögumanna sem hann neytir af bestu list.

Hann er að vísu að beina spjótum sínum að svokallaðri Kínadeild skólans, sem ég þekki lítið til, en líka að skólanum í heild. Viðtalið við hann í Fréttatímanum laugardaginn 18.6. bendir ekki til mikils vilja til að kynna sér málin. Setningar sem byrja á „við höfum heyrt“ og „okkur skilst“ minna óþægilega mikið á Gróu greyið á Leiti.

Hann beinir einnig spjótum sínum að þeim fjölmörgu leiðsögumönnum sem ekki fá inngöngu í Félag leiðsögumanna og bera annars konar merki en þeir til að auðkenna sig. Hann segir að næla sú sem félagar í Félagi leiðsögumanna beri sé staðfesting á að viðkomandi hafi lokið prófi í leiðsögn og að hitt merkið sé hálfgerð eftirlíking og hafi lítinn „trúverðugleika“. Í fyrsta lagi er nýja merkið ekki eftirlíking, heldur er það mjög smekklegan hannað og er langtum fallegra en hitt. En það er annað og meira en skraut. Það gerir þeim kleift sem ekki fá aðild að Félagi leiðsögumanna að auðkenna sig sem leiðsögumenn og sýna að þeir hafi lokið prófi og starfi sem slíkir.

Ekki veit ég hvaða hagsmunum blaðafulltrúinn telur sig vera að þjóna en það eru tæpast hagsmunir þeirra samtaka sem hann starfar fyrir. Ég á erfitt með að trúa því að blaðafulltrúi Samtaka ferðaþjónustunnar sem ræðst á þennan hátt, algjörlega óverðskuldað, á stóran hluta þeirra leiðsögumanna sem starfa á vegum aðildarfélaga samtakanna hafi gert það með vilja og samþykki þeirra. Það væri fremur undarlegt ef starfsemi sem þarf á þessum starfsmönnum að halda getur láti það óátalið. Ef menn vilja komast að einhverri niðurstöðu í þessu máli ætti að gera könnun á frammistöðu leiðsögumanna frá Félagi leiðsögumanna og hinna sem ekki njóta þess heiðurs að tilheyra þessum „súper klúbbi“. Bara ekki láta Skapta koma nálægt því, hans trúverðugleiki er enginn.

**Ef menn vilja komast að einhverri niðurstöðu í þessu máli ætti að gera könnun á frammistöðu leiðsögumanna frá Félagi leiðsögumanna og hinna sem ekki njóta þess heiðurs að tilheyra þessum „súper klúbbi“.**

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Snæland 6. 4ra herbergja íbúð á 3. hæð
Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45




Falleg og björt 97,4 fm. íbúð á 3. hæð í vel staðsettu fjölbýlishúsi við Snæland í Fossvogi. Íbúðin hefur verið mjög mikið endurnýjuð á sl. árum, m.a. gólfefni, innrétting og tæki í eldhúsi, baðherbergi, innihurðir o.fl. Svalir til suðurs með útsýni. Sér geymsla í kjallara. **Íbúðin er laus til afhendingar við kaupsamning. Verð 36,5 millj. Staðsetning eignarinar er afar góð á eftirsóttum og veðursælum stað. Stutt er í skóla, íþróttasvæði Vikings og gönguleiðir. Verið velkomin.**

Rjúpnasalir 10 - Kópavogi. 4ra herbergja íbúð
Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45




Falleg og björt 111,3 fm. íbúð á 3. hæð, að meðtalinni 8,0 fm. sérgeymslu í kjallara, í vönduðu fjölbýlishúsi með tveimur lyftum í Salahverfi. Stofa með stórum gluggum til suðurs. Flísalagðar suðursvalir. Þrjú herbergi, öll með fataskápum. Sér stæði í bílageymslu. **Verð 39,9 millj. Verið velkomin.**

BAUHAUS

# LAGERHREINSUN

## Allt að 50% afsláttur af garðhúsgögnum



**149.995,-**

~~199.995,-~~

**Benedichte hornsófasett**

Í settinu eru 90 x 67 x 84 cm stakur stóll, 3 hornsófaeiningar sem eru 84 x 67 x 84 cm, 2 miðjusófaeiningar sem eru 77 x 67 x 84 cm og 68 x 32 x 68 cm borð með glerplötu. Úr svörtu rattan með kolgráum sessum.



**9.995,-**

~~17.995,-~~

**Venezia garðborðsett**

Í settinu eru borð, 60 x 60 cm, og tveir fellistólar. Svart.



**19.995,-**

~~33.995,-~~

**Bordeaux garðborð**

205 x 90 x 75 cm. Hvítt álstell með grárri plötu eða með svörtu álstelli og svartri plötu.



**22.995,-**

~~29.995,-~~

**Toulouse garðborð**

Þv. 150 cm úr áli og svörtu 2 í 1 rattan. Með 5 mm glerplötu.



**39.995,-**

~~64.995,-~~

**Calgary garðborð**

201 x 88 cm. Grátt stell úr áli, með ljósgrárri plötu.



**49.995,-**

~~77.995,-~~

**Chamberry garðborð**

220 x 102 x 75 cm. Álstell með hvítri málningu. Ryðfrítt. Borðplata úr Durawood. Viðhaldsfrítt.

BAUHAUS®

BAUHAUS






99.995,-
149.995,-

**James sófasett**
Í settinu eru 195 x 250 x 75 cm hornsófi úr áli og svörtu 2 í 1 rattan og 146 x 85 x 66 cm borð úr áli með rattan og borðplötu úr viðarlíki. Kolgráar sessur fylgja.



4 STK.
13.000,-
~~13.980,-~~

**Ida garðstólar**
Svartir.



4 STK.
32.000,-
~~39.980,-~~

**Malta garðstólar**
Svartir 2 í 1 rattan. Sessa fylgir ekki með.



4 STK.
48.000,-
~~59.980,-~~

**Marbella garðstólar**
Fást í svörtu og gráu.

**Ljósir**
4 stk. ~~79.980,-~~ 70.000,-



12.995,-
~~19.995,-~~

**Barcelona Swing sólbekkur**
Ruggusólbekkur með álgrind og tauáklæði.

# MEIRA EN BARA BYGGINGAVÖRUVERSLUN

MIKIÐ ÚRVAL, GÆÐI OG LÁGT VERÐ

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is




Jón Daði Böðvarsson mun spila í ensku B-deildinni í vetur og bætist í hóp íslenskra landsliðsmanna sem hafa skipt um lið eftir gott gengi á EM. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Ár sem ég mun aldrei gleyma

**Jón Daði Böðvarsson gerði í gær þriggja ára samning við enska B-deildarliðið Wolves. Hann hefur stefnt að því allt sitt líf að spila á Englandi en hann segir að EM hafi breytt miklu fyrir möguleika sína.**



Eiríkur Stefán Ásgeirsson
eirikur@365.is

**FÓTBOLTI** Jón Daði Böðvarsson er kominn í appelsínugult eftir að hafa samið við enska B-deildarliðið Wolves. Hann gerði þriggja ára samning við þetta sögufræga lið en Úlfarnir, eins og liðið hefur verið kallað um árabil á Íslandi, er eitt af stofnfélögum ensku deildakeppninnar og hefur þar að auki unnið sjö stóra titla, þrjá meistaratitla og bikarinn fjórum sinnum.

„Liðið er gott og það getur alltaf allt gerst í fótbolta,“ sagði Jón Daði en eftir hrun félagsins í upphafi níunda áratugar síðustu aldar hefur það aðeins spilað fjögur tímabil í efstu deild, síðast árið 2012. Eftir það tók við fall alla leið niður í C-deild en Wolves fór þó strax aftur upp og hafnaði í fjórtánda sæti B-deildarinnar í vor.

Eftir það var nýr þjálfari ráðinn og var þekkt nafn fengið til að taka við starfinu, Ítalinn Walter Zenga sem lengi varði mark Inter Milan og ítalska landsliðsins.

## Wolves besti kosturinn

„Þetta er bara tóm hamingja og það ríkir mikil eftirvænting,“ segir Jón Daði en tímabilið í ensku B-deildinni hefst nú um helgina er liðið mætir Rotherham á útivelli á laugardag. Jón Daði reiknar með að vera í leikmannahópi liðsins þá. Hann segir að félagaskipti hafi legið í loftinu hjá sér í nokkurn tíma.

„Það var passað upp á að þetta myndi ekki leka út og gekk það mjög vel. Þetta kann því að koma eins og þruma úr heiðskíru lofti en þetta er þó búið að eiga sér nokkuð langan aðdraganda,“ segir Jón Daði.

Fleiri lið komu til greina og var annað B-deildarlið, QPR, nefnt til sögunnar. „Þegar allt kom til alls fannst mér Wolves vera besti kosturinn í stöðunni fyrir mig. Þetta var skref sem ekki var hægt að sleppa,“ segir hann.

„Ég finn fyrir miklu trausti, ekki bara frá þjálfaranum heldur einnig frá klúbbnum líka og það er mjög jákvætt,“ segir Jón Daði en umboðsmaður hans, Magnús Agnar Magnússon, vildi ekki staðfesta fréttir breskra miðla um að Jón Daði hafi kostað Wolves um eina milljón punda. Kaupverðið sé trúnaðarmál.

## Á heima í úrvalsdeildinni

Sem fyrr segir mega Úlfarnir muna sinn fífil fegri. Liðið komst upp í ensku úrvalsdeildina árið 2009 og náði að bjarga sér naumlega frá falli fyrstu tvö árin en endaði svo langneðst þriðja árið. Ári síðar féll liðið aftur um deild en þá tók við mikið uppbyggingarstarf hjá félaginu.

„Félagið telur sig eiga heima í ensku úrvalsdeildinni og ætlar sér upp. En síðasta tímabil var ekki upp á marga fiska og ekki eins og menn vildu. Það er því viðbúið að þetta muni allt saman taka tíma, ekki síst í ljósi þess að það er nýr þjálfari, nýir leikmenn og nýtt leikkerfi,“ segir Jón Daði.

> Við sjálfir náðum ekki að átta okkur á því hversu langt við komumst og hversu mikill árangur þetta var.
>
> Jón Daði Böðvarsson

„Það tekur allt saman tíma að smella saman og það er spurning hvort við gerum atlögu að úrvalsdeildarsætinu strax á þessu ári eða því næsta. En ég hef mjög góða tilfinningu fyrir því að það muni gerast mjög fljótt.“

## Svipað og í landsliðinu

Jón Daði segir að hlutverk hans verði svipað hjá Wolves og hann hefur gegnt í íslenska landsliðinu. „Þeir vilja að liðið sé mjög þétt. Að leikmenn hlaupi mikið og vinni vel saman. Mitt hlutverk verður að vera öflugur í sókninni, skora mörk og leggja upp en einnig hjálpa til í vörninni. Mér finnst að það passi mér mjög vel,“ segir Selfyssingurinn öflugi.

## Mikil þreyta eftir EM

Jón Daði var lykilmaður í íslenska landsliðinu sem komst í 8-liða úrslit á EM í Frakklandi í sumar og sló meðal annars út England í 16-liða úrslitunum. Hann segir að gott gengi á EM hafi hjálpað mikið til.

„Við sjálfir náðum ekki að átta okkur á því hversu langt við komumst og hversu mikill árangur þetta var. Það tók því sinn tíma að koma sér niður á jörðina aftur, enda líkamleg og andleg þreyta mikil,“ segir Jón Daði sem kemur til Englands frá þýska B-deildarliðinu Kaiserslautern, þar sem hann spilaði í aðeins hálft ár.

„Það var mikið fylgst með manni á EM en líka í Þýskalandi, þar sem mér gekk vel. Þangað koma margir til að skoða leikmenn,“ segir hann en þó nokkrir leikmenn íslenska landsliðsins hafa skipt um lið eftir gott gengi Íslands á EM.

## Fótboltinn er svona stundum

Undanfarnir tólf mánuðir hafa verið afar viðburðaríkir hjá Jóni Daða. Fyrir ári var hann að spila með Viking í norsku úrvalsdeildinni en liðið var þá búið að hafna nokkrum tilboðum Kaiserslautern. Jón Daði fór því að lokum frítt til Þýskalands og byrjaði að spila þar um áramótin. Eftir tímabilið í vor tók svo EM-ævintýrið við og nú nýtt félag í Englandi.

„Þetta er svolítið furðulegt allt saman en fótboltinn er svona. Hlutirnir geta gengið hratt fyrir sig og maður verður að vera tilbúinn fyrir hvað sem er. En það er ekki nokkur spurning að þetta ár er það eftirminnilegasta á mínum fótboltaferli og ég mun aldrei gleyma því. En nú verður fyrst og fremst gott að geta einbeitt sér fyllilega að fótboltanum á nýjan leik.“

### GYLFI FRAMLENGDI TIL 2020

Gylfi Þór Sigurðsson verður áfram í herbúðum velska liðsins Swansea en hann skrifaði í gær undir nýjan fjögurra ára samning við Swansea. Samningurinn gildir til 2020 en Gylfi verður þá á 31. aldursári og hafði áður verið orðaður við þó nokkur félög, allra helst Everton. Það verður þó að teljast ólíklegt úr þessu að Gylfi skipti um félag í sumar.

„Ég er mjög ánægður hér,“ sagði Gylfi í samtali við heimasíðu Swansea en Fréttablaðið náði ekki tali af honum í gær þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. „Aðalástæðan fyrir því að ég framlengdi er að ég er mjög ánægður með að fá að spila fótbolta hér. Mér líður vel, þetta er frábært lið og skemmtilegir strákar,“ sagði hann enn fremur en Gylfi staðfesti að hann hefði átt í viðræðum um nýjan samning í nokkurn tíma en eigendaskipti hjá Swansea og þátttaka Íslands á EM í Frakklandi hafi tafið fyrir viðræðunum.



### DUNDALK KOMIÐ ÁFRAM

Írska liðið Dundalk komst í gær áfram í lokaumferð forkeppni Meistaradeildar Evrópu með ótrúlegum sigri á BATE Borisov frá Hvíta-Rússlandi, 3-0 í kvöld og 3-1 samanlagt. Liðið er nú aðeins einu skrefi frá því að tryggja sér sæti í riðlakeppni Meistaradeildarinnar. En það sem meira er að liðin sem tapa í lokaumferðinni fá sæti í riðlakeppni Evrópudeildar UEFA.

Dundalk sló FH úr leik í síðustu umferð eftir æsispennandi leik í Kaplakrika sem lauk með 2-2 jafntefli. Samanlögð úrslit voru 3-3 en Dundalk komst áfram á útivallarmarkareglunni. David McMillan, sem skoraði öll þrjú mörk Íranna í rimmunni gegn FH, skoraði tvö marka Dundalk í gær.

### BYRJAÐ AÐ KEPPA Í RÍÓ Í DAG

Þó svo að Ólympíuleikarnir verði ekki settir í Ríó fyrr en á föstudag mun keppni á leikunum hefjast í dag þegar fyrstu leikirnir í knattspyrnu kvenna fara fram. Fyrsti leikurinn verður á milli Svíþjóðar og Suður-Afríku í A-riðli en alls fara sex leikir fram í dag.

Stöð 2 Sport mun sýna beint frá leikunum í völdum greinum. Allir leikir í knattspyrnu og körfubolta karla verða sýndir sem og frá keppni í golfi karla og kvenna. Þá mun Vísir sýna fjölmarga viðburði á íþróttavef sínum á meðan á leikunum stendur.

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 18.00 | Barcelona - Leicester | Sport 2 |
| 19.05 | ÍA - FH | Sport 3 |
| 19.30 | Valur - Víkingur Ó. | Sport |
| 23.30 | Bayern - Real Madrid | Sport |
| 01.30 | Chelsea - AC Milan | Sport |

**Pepsi-deild karla:**

| | | |
|---|---|---|
| 18.00 | ÍBV - Fjölnir | Hásteinsv. |
| 19.15 | Breiðablik - Fylkir | Kópavogsv. |
| 19.15 | KR - Þróttur | Alvogen-v. |
| 19.15 | ÍA - FH | Norðurálsv. |
| 20.00 | Valur - Víkingur Ó | Valsvöllur |

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ 3. ÁGÚST 2016 MIÐVIKUDAGUR

# TÍMI ÁHRIFAMIKILLA BREYTINGA

Neysluhættir og líf Reykvíkinga á 20. öldinni er efniviður sýningarinnar Neyzlan sem nú stendur yfir í Árbæjarsafni í Reykjavík. Meðal sýningarmuna eru gamlar neysluvörur, ljósmyndir úr verslunum og gamlar auglýsingar.

Á sýningunni Neyzlan í Árbæjarsafni í Reykjavík er varpað ljósi á breytingar á neysluháttum og lífi Reykvíkinga á 20. öldinni. Þar er m.a. leitað svara við því hvaða þættir stýri neyslunni, þ.m.t. hvernig ýmsir atburðir úti í heimi á borð við ákvarðanir í stjórnmálum, tískusveiflur og tækniframfarir hafi áhrif á neyslu, að sögn Sigrúnar Kristjánsdóttur sýningarstjóra.

„Tuttugasta öldin var tími mikilla breytinga. Saga hennar markast af heimssögulegum atburðum sem höfðu áhrif á samfélög um allan heim og réðu miklu um daglegt líf fólks. Á Íslandi þróaðist samfélagið frá sjálfsþurftarbúskap til tæknivædds markaðsbúskapar á nokkrum áratugum. Tæknileg og efnahagsleg þróun gjörbreytti híbýla- og lifnaðarháttum alls þorra fólks.“

Sýningin er sett upp á efri hæð í húsi frá miðri 19. öld, sem var áður í Lækjargötu 4 í Reykjavík. Þar má finna átta herbergi og er sýningin byggð þannig upp að í hverju herbergi er sama uppsetning til að auðvelda gestum skoðunina og samanburðinn. „Sýningin er hugsuð þannig að horft er frá heimilinu, t.d. eldhúsinu, og hugað mest að þeirri neyslu sem þar fer fram. Þar eru skápar þar sem gripum er stillt upp og stórir veggir þar sem sjá má margs konar upplýsingar um neyslumál, þróun húsakosts, ljósmyndir sem sýna neyslu á einhvern hátt, auglýsingar, myndir úr verslunum, samanburð á vöruverði og margt fleira. Einnig eru símar þar sem hægt er að hlusta á upplestur úr bókmenntum sem lýsa tíðaranda og neyslumálum hvers tímabils.“



„Svo er athyglisvert að velta fyrir sér hvað það er sem stjórnar neyslu okkar, öfl sem við ráðum ekki við og hvaða val við höfum,“ segir Sigrún Kristjánsdóttir, sýningarstjóri Neyzlunnar. MYNDIR/HANNA


Gamlar gosflöskur, edik- og lýsisflaska eru meðal sýningargripa.



Gamlir miðar sem notaðir voru í Baðhúsi Reykjavíkur á síðustu öld.

### GÓÐ VIÐBRÖGÐ

Að sögn Sigrúnar mynda sýningargripirnir heild þar sem hægt er að sjá breytingarnar sem verða á neysluháttum, efnisnotkun, útliti varningsins og tækni. „Svo er athyglisvert að velta fyrir sér hvað það er sem stjórnar neyslu okkar, öfl sem við ráðum ekki við og hvaða val við höfum. Í fræðsluherbergi á neðri hæðinni er svo hægt að fræðast um eigin neyslu, kolefnisspor og ýmislegt fleira í gegnum leik og spil. Þar er fjallað um neysluna í samtímanum og því lýst hvernig t.d. gallabuxur, tannbursti og fleiri vörur eiga sér langt líf áður en við notum þær og eftir að við hendum þeim.“

Viðbrögð sýningargesta hafa hingað til verið góð, ekki síst hjá yngstu kynslóðinni. „Yngstu sýningargestir skoða varninginn með athygli og margir sjá hluti sem þeir kannast við því sýningin nær til aldamótanna síðustu. Það sem vekur þó mesta athygli á sýningunni er samanburður á verði á neysluvörum. Það er borið saman hvað það tekur manneskju á lágmarkslaunum á hverjum tíma margar mínútur eða klukkustundir að vinna fyrir algengum varningi svo sem kaffi, sykri, eplum og eggjum. Við vonumst til að sýningin veki ungt fólk og auðvitað alla aðra til umhugsunar um neyslumál og það að gallabuxurnar fæðast ekki í hillu verslana heldur eiga allar neysluvörur upphaf í náttúrunni.“

Hönnuður sýningarinnar er Finnur Arnar Arnarson, grafísk hönnum var í höndum Ármanns Agnarssonar og textana skrifaði Kristín Svava Tómasdóttir. Starfsfólk safnsins kom svo að öllum þáttum hennar. Sýningin stendur yfir til 31. ágúst og nánari upplýsingar má finna á vef Árbæjarsafns, borgarsogusafn.is/is/arbaejarsafn.



Fjölbreyttir munir af ýmsum gerðum eru til sýnis á Neyzlunni.











Það er jafnan mikið um dýrðir á Fiskideginum mikla á Dalvík en þar geta gestir smakkað úrval fiskrétta. MYNDIR/AUÐUNN

# SANNKÖLLUÐ VEISLA ÚR SJÓNUM

Ein stærsta og skemmtilegasta matarveisla landsins verður haldin á Dalvík um næstu helgi þegar Fiskidagurinn mikli fer þar fram. Framkvæmdastjóri hátíðarinnar er mikill matgæðingur og gefur lesendum Fréttablaðsins tvær ljúffengar uppskriftir.

Fiskidagurinn mikli á Dalvík hefur fest sig í sessi sem ein skemmtilegasta hátíð landsins. Eins og nafnið gefur til kynna er sjávarfang af ýmsu tagi í aðalhlutverki á hátíðinni en gestum er boðið að bragða á fjölbreyttum veitingum auk þess sem sérstakt súpukvöld er haldið á föstudeginum þar sem hluti bæjarbúa opnar heimili sín og býður gestum upp á ljúffengar fiskisúpur. Framkvæmdastjóri Fiskidagsins mikla er Júlíus Júlíusson, mikill matgæðingur. Hér gefur hann lesendum Fréttablaðsins tvær gómsætar uppskriftir.



Heitasti silungurinn í bænum er gómsætur réttur. MYND/FINNBOGI MARINÓSSON

## HEITASTI SILUNGURINN Í BÆNUM

Það eru mikil forréttindi að alast upp við sjóinn á litlum stað eins og Dalvík, anda að sér sjávarloftinu og þekkja lyktina sem berst frá hafinu. „Í dag væri ég tilbúinn að upplifa aftur alla sólardagana sem ég stóð á bryggjunni, í fjörunni neðan við tankana eða á rækjurörinu þar sem ég veiddi silung. Stundum veiddi maður silung á svartan Toby en oftast var hann húkkaður með þríkrækju á rækjurörinu.“ Í þennan rétt er upplagt að nýta þær ostategundir sem eru til í ísskápnum. Hann er hægt að hafa tilbúinn tímanlega og geyma í kæli.

**700 g silungur, flök**
**8 tómatatortillakökur**
**2 dl rjómi**
**½ piparostur, rifinn**
**½ ds. mascarpone-ostur**
**250 g 17% ostur, rifinn**
**8 meðalstórar kartöflur**
**½ kúrbítur**
**16 meðalstórir sveppir**
**Salt**

Flökin beinhreinsuð, snyrt og skorin í hæfilegar lengjur sem passa í kökurnar. Osturinn bræddur í potti við vægan hita í rjómanum. Kartöflurnar soðnar, flysjaðar og muldar út í ostajafninginn. Saltað eftir þörfum. Sveppir og kúrbítur skornir í hæfilega bita. Tortillakökurnar hitaðar létt á pönnu eða í ofni. Ostakartöflujafningi smurt á kökurnar. Einni silungalengju ásamt nokkrum bitum af kúrbít og sveppum raðað með. Piprað og kökunum rúllað upp.

Grillað við góðan hita og snúið einu sinni. Ekki grilla of lengi þar sem fiskurinn eldast eftir að hann er tekinn af grillinu. Borið fram með fersku salati.



Grillaðar bjórrækjur eru frábær réttur til að njóta í góðum félagsskap. MYND/FINNBOGI MARINÓSSON

## GRILLAÐAR BJÓRRÆKJUR

Þegar rækjur ber á góma er það helst rækjusalat, fiskisúpa eða djúpsteiktar rækjur sem flestum dettur í hug.

„Það sem mér finnst vera mest spennandi er að ná í nýveidda rækju í skelinni, handfjatla hana og bjóða hana þannig í köld salöt, hráa eða létt soðna. Þegar vinir koma saman og til stendur að setjast niður við kertaljós eða í sólinni á pallinum þá er það róandi og gefur stundinni yfirvegaðan blæ að bjóða upp á grillaðar bjórrækjur með brauði og hnetusmjörssósu þar sem gestirnir pilla sjálfir á brauðið. Það að pilla á brauðið sitt gefur hugarró og nýja óútskýranlega orku meðan hugleiðingar um lífið svífa yfir vötnum.“

**1 kg nýveidd rækja í skelinni**
**1 flaska af lager-bjór**
**Sítrónuólífuolía**
**Maldon-salt**
**4–6 ciabatta eða speltbrauð**
**4 sítrónur**

### Köld hnetusmjörssósa

**2 msk. hnetusmjör**
**2 msk. mæjónes**
**2 msk. sýrður 18% rjómi**
**Safi úr ½ sítrónu**
**1 msk. hlynsíróp**
**1 tsk. sætt sinnep**
**Pipar**

Rækjurnar skolaðar í köldu vatni og sigtaðar. Bjórnum hellt yfir og þær látnar liggja í leginum í 30 mínútur, sigtaðar og sítrónuólífuolíu dreypt yfir ásamt 1 tsk. af Maldon-salti. Rækjunum skipt í tvennt. Hvor hluti er grillaður við miðlungshita í grillgrind, rækjunum velt nokkrum sinnum varlega. Grillið þar til að skelin fer að hvítna, ca. 5-8 mínútur. Skerið sítrónurnar í báta og berið fram með rækjunum. Allt hráefni sósunnar sett í matvinnsluvél og piprað eftir smekk. Brauðið skorið í litlar sneiðar og þær léttgrillaðar. Rækjurnar settar á fallegt fat eða í skál. Sítróna kreist yfir. Matargestir pilla rækjurnar sjálfir. Sósu smurt á brauðið og fallegri rækjunni raðað á. Sítróna kreist yfir eftir smekk (og kröftum).




## BÍLAR & FARARTÆKI

BORGARBÍLASALAN
580 8900 • borgarbilasalan.is



**7 MANNA MOLINN**
VW Routan ekin aðeins 145 Þ.KM Rafdrifnar hurðir 7 manna BESTA VERÐIÐ 2.680.000. Rnr.451770. sími 580-8900



**ROVER DRAUMURINN**
Range Rover Evoque Árgerð 2015, ekinn aðeins 5 Þ.KM Besta Verð 8.900.000. Rnr.450988.sími 580-8900

**Borgarbílasalan**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 580 8900**

KRÓKUR



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

### Bílar til sölu



Honda Insight Hybrid 2011. Sjálfsk. Ek. 100km. Verð 1599þ. S. 6162597

### Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

### Lyftarar




### Varahlutir




### Hjólbarðar




**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## ÞJÓNUSTA

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

### Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

### Spádómar

**Nympha-dora**
Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
VISA 562 8211 EURO

**661 3839 - SÍMASPÁ**
Opið frá kl. 14 alla daga.

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## KEYPT & SELT

### Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

s. 552-4910.

## HEILSA

### Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

Nudd. Slökunar og heilsunudd. Nuddstofan, opið frá 09-19 og á laugardögum. S. 853 3059

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.





586 1414
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan

opið í dag 10-18
kaffi á könnunni

STÓRA BÍLASALAN
Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík

# HEIMILIÐ

## Barnavörur




Vagnstykki, kerrustykki og skiptitaska Verð frá kr. 99.900. Barnið Okkar Hlíðasmára 4, 201 Kóp. Barnidokkar.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Geymsluhúsnæði

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 25% afsláttur. www.geymslur.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**KÖKUHORNIÐ**
Röskur starfskraftur óskast í afgreiðslustarf í bakarí okkar í Bæjarlind, vinnutími frá 06:30-13 aðra vikuna og hina 13-18. Æskilegt er að viðkomandi sé 20 ára eða eldri. Íslenskukunnátta skilyrði. Framtíðarstarf.
**Uppl. gefur Gréta í s. 867 1433 e. kl. 12**

**RÆSTINGAR**
Ræstingaþjónustan auglýsir laus ræstingastörf á daginn og kvöldin á höfuðborgarsvæðinu og á Selfossi. Hreint sakavottorð og íslensku/enskukunnátta skilyrði.
**Umsóknir berist rth@rth.is eða á skrifstofutíma í síma 510-1311.**

**CLEANING JOBS**
Ræstingaþjónustan offers daytime and evening cleaning jobs in Reykjavik and in Selfoss. Clean criminal record and Icelandic/English language skills required.
**Send applications to rth@rth. is, or call 510-1311 during office hours.**

Menn vanir múrverki og flísalögnun óskast sem fyrst og nóg að gera í allan vetur. Uppl. í s. 860 3600 og 6966656.

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG STARFSKRAFT:**
Erum með. Smiði, aðstoðarmenn við smiði, verkamenn, menn vana vegavinnu, dekkjamenn og pípulagningamenn. Geta hafið störf fljótlega. Sanngjarnt verð.

Verkleigan sími:780-1000
e:vinna@verkleigan.is






# TILKYNNINGAR

## Einkamál

Vil kynnast fólki á öllu landinu. Körlum og konum sem símavinum. Inga s. 626 2727

## til sölu




**Símar 662 7222 og 578 6262**
**Vefverslun: vonogbjargir.is**
**Viltu gefa kompudót, fatnað, bækur og fleira? ...við sækjum.**
**Höfum kaupendur að heilum búslóðum og lagerum.**

## fasteignir








Glæsilegt 182,4 fm penthouse með frábæru útsýni
Tilbúið til innréttinga, einstakt tækifæri til að hanna glæsieign eftir sínu höfði
Lyftan gengur beint upp í íbúðina sem nær yfir alla hæðina
72 fm glæsilegar þaksvalir með útsýni til sjávar og yfir borgina
Mjög mikil lofthæð í stofu
Tvö stæði í bílageymslu

Verð: **149,5 millj.**



Nánari upplýsingar veitir
**Þórunn Pálsdóttir,**
löggiltur fasteignasali
sími: 773 6000
thorunn@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -








**SKIPHOLT - 105 RVK**
**LAUSAR TIL AFHENDINGAR**
- Glæsilegar 3-4 herb., nýjar útsýnisíbúðir á 4.hæð.
- Íbúðir eru 120 – 130 fm / gengið inn af svölum.
- Rúmgóðar 30 – 70 fm suður-svalir með íbúðum.
- Lyfta er í húsi og sérmerkt bílastæði.
- Vandaðar innréttingar frá PARKA

**V. 67,9 – 69.9 millj.**



**RAUÐAGERÐI – 108 RVK**
**MÖGULEIKI Á AUKAÍBÚÐ**
- Fjölskylduvænt 217 fm parhús á 2.hæðum
- Endurnýjað eldhús og gólfefni á efri hæð
- Fimm svefnherbergi / rúmgóðar stofur
- Innbyggður bílskúr
- Miklar verandir kringum hús
- Ca. 30 fm háaloft yfir húsi sem er ekki skráð

**V. 74.9 millj.**



**LAUGARVEGUR – 105 RVK**
**LAUS TIL AFHENDINGAR**
- Endurnýjuð 3ja herb.íbúð á jarðhæð
- Íbúð er 74.7 fm auk sérgeymslu í kjallara
- 2 stofur / 1 svefnherb., mögulegt að breyta
- Allt meira og minna nýtt í íbúð
- Verið er að klára að endurnýja hús að utan

**V. 35.9 millj.**



**VINDAKÓR – 203 KÓP**
**BÓKIÐ SKOÐUN**
- Falleg 129 fm 4ra herb.
- Gluggar á 3 vegu og ægifagurt útsýni
- 2 rúmgóð svefnherb. og tvær stofur
- Rúmgott baðherb., baðkar & sturta
- Stæði í lokaðri bílgeymslu
- Viðhaldsfrítt hús að utan

**V. 44.5 millj.**



**MÁNAGATA – 105 RVK**
**LAUS TIL AFHENDINGAR**
- Góð fyrstu kaup eða leigueign
- Vel skipulögð 2ja herb.
- Rúmgóð rými, snyrtilegt baðherbergi
- Geymsla í kjallara sem eru auka FM.
- Inngangur með íbúð á efri hæð

**V. 24.9 millj.**



**TUNGUSEL – 109 RVK**
**GETUR LOSNAÐ FLJÓTT**
- 4ra herb., endaíbúð á jarðhæð
- Íbúðin er 114 fm
- Rúmgóð svefnherbergi
- Endurnýjað eldhús og baðherbergi
- Afgirt skjólgóð verönd út af stofu

**V. 29.9 millj.**



**HÖRÐUKÓR – 203 KÓP**
**GETUR LOSNAÐ FLJÓTT**
- Vel skipulögð, rúmgóð 3ja herb.
- Íbúð er 109 fm auk stæði í bílgeymslu
- Íbúð er á 6.hæð og er fallegt útsýni
- Lyftuhús sem er í góðu ástandi
- Stutt í skóla og alla þjónustu

**V. 37.5 millj.**

# ASUS




## KOLBRJÁLAÐ SKÓLAVERÐ !

Lægsta verð sem við höfum náð á 14" fartölvu með 32GB eMMC diski.
Skemmtilega hönnuð í svarbláum lit og kemur með Intel örgjörva.
Létt og nett til að ferðast með. Kemur í takmörkuðu magni og fer fljótt.

**39.995**

INTEL ÖRGJÖRVI | 2GB VINNSLUMINNI | 32GB DISKUR | 14" SKJÁR



### ASUS GÆÐI OG LÁG BILANATÍÐNI

Tölvulistinn er umboðsaðili Asus á Íslandi sem er einn af stærstu framleiðendum heims á fartölvum. Ánægðir Asus fartölvueigendur á Íslandi skipta tugþúsundum enda þekktar fyrir að vera traustar tölvur með lága bilanatíðni og langan líftíma.



**44.995**

ASUS

## 15,6" MEÐ INTEL Á ÓTRÚLEGU SKÓLAVERÐI !

ASU-E502SAX0004T

Ein bestu kaupin í skólaúrvalinu í ár. Klár í skólann og alla helstu tölvuvinnslu með Intel örgjörva, Intel HD grafíkkjarna og 500GB hörðum diski.

INTEL ÖRGJÖRVI | 4GB VINNSLUMINNI | 500GB DISKUR | 15,6" SKJÁR

**79.995**

ASUS

## BLEIK OG ÖFLUG

ASU-X553SAXX150T

Fallega bleik 15,6" fartölva með Intel Pentium og 8GB vinnsluminni. Intel HD grafíkkjarni og 500GB harður diskur fyrir gögnin.

INTEL ÖRGJÖRVI | 8GB VINNSLUMINNI | 500GB DISKUR | 15,6" SKJÁR



QUAD CORE SSD

**69.995**

ASUS

ASU-F553SAXX149T

Frábært verð á þessari 15,6" fartölvu með hröðum 128GB SSD diski og fjögurra kjarna Intel örgjörva.

INTEL ÖRGJÖRVI | 4GB VINNSLUMINNI | 128GB SSD DISKUR | 15,6" SKJÁR



INTEL i3 OG 1TB

**109.995**

ASUS

ASU-X555LAX02517T

Fallega hvít og glæsilega hönnuð 15,6" fartölva með hraustum Intel i3 örgjörva, 8GB vinnsluminni og 1TB hörðum diski fyrir gögnin.

INTEL i3 ÖRGJÖRVI | 8GB VINNSLUMINNI | 1TB DISKUR | 15,6" SKJÁR



INTEL i5 OG SSD

**119.995**

ASUS

ASU-X555LADM2043T

15,6" með sprækum Intel i5 örgjörva og 128GB SSD diski sem gerir hana sérstaklega hraðvirka. Intel HD5500 grafíkkjarni og FullHD háskerpuskjár.

INTEL i5 ÖRGJÖRVI | 8GB VINNSLUMINNI | 128GB SSD DISKUR

## FRÍ HEIMKEYRSLA Á FARTÖLVUM Í ÁGÚST !



tl.is

TÖLVU LISTINN

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES |
|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 3333 |

Kaupmannahöfn 16. júlí 2016.
Vinur minn,
**Bjarni R. Bender**
er látinn.
Ég mun sakna hans.
**Svein-Arve Hovland**

---



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
**Guðmundur Benedikt Rósmundsson**
skipstjóri,
sem lést miðvikudaginn 20. júlí sl. verður jarðsunginn frá Hólskirkju í Bolungarvík laugardaginn 6. ágúst kl. 14.

**Jónína Guðmundsdóttir — Hörður Guðmundsson**
**Benedikt Guðmundsson — Ingibjörg Sigurðardóttir**
**Páll Guðmundsson — Valdís Hrólfsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
**Ingunn Gunnlaugsdóttir**
Innri Kleif, Breiðdal,
lést á fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað, sunnudaginn 31. júlí. Útförin fer fram frá Heydalakirkju laugardaginn 6. ágúst kl. 11.

**Örn Ingólfsson — Anna Ívarsdóttir**
**Svavar Ingólfsson — Maree Dunn**
**Svandís Ingólfsdóttir — Grétar Björgólfsson**
**Helga Ingólfsdóttir**
**Sigrún Ingólfsdóttir**
**Ásta Birna Ingólfsdóttir — Jón Gestur Ármannsson**
**Gunnlaugur Ingólfsson — Þóra Margrét Aradóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
**Magnfríður Perla Gústafsdóttir**
lést þriðjudaginn 26. júlí sl. á Droplaugarstöðum. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík, mánudaginn 8. ágúst kl. 13.00.

**Börn hinnar látnu og fjölskyldur.**

---



Ástkær sonur minn, bróðir okkar, mágur og frændi,
**Helgi Elíasson**
Miðvangi 98, Hafnarfirði,
verður kvaddur frá Fjörukránni í Hafnarfirði, fimmtudaginn 4. ágúst nk. kl. 14.00.

**Erla B. Bessadóttir**
**Bessi H. Þorsteinsson — Agnes Jóhannsdóttir**
**Sigurrós Elíasdóttir**
**Örvar, Tinna, Kristján, Eva Rós, Sindri og fjölskyldur.**

---



Yndislega systir okkar,
***Ásdís Gísladóttir***
Grundarlandi 17,
sem lést á heimili sínu mánudaginn 25. júlí sl. verður jarðsungin frá Grensáskirkju fimmtudaginn 4. ágúst kl. 13.00.

Starfsfólki sambýlisins að Grundarlandi 17 færum við sérstakar þakkir fyrir kærleiksríka umönnun gegnum árin.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Kristján Benedikt Gíslason**
**Álfgeir Gíslason**
**Ragnar Gíslason**
**Sigfinnur Steinar Gíslason**

---

# Lofsöngur hljómar í lok tónleikanna

Kórinn Schola cantorum er tvítugur í ár og heldur meðal annars upp á það með miðvikudagstónleikum í hádeginu í Hallgrímskirkju í sumar. Hinn hátíðlegi og fallegi þjóðsöngur Íslands, Lofsöngur, hljómar jafnan í lok þeirra. Auk hans flytur kórinn nokkur af fegurstu kórlögum Íslands á borð við Heyr himna smiður eftir Þorkel Sigurbjörnsson og Smávinir fagrir eftir Jón Nordal. Stjórnandi er Hörður Áskelsson.

Kórinn býður gestum upp á kaffi, mola og spjall eftir tónleikana í safnaðarheimili Hallgrímskirkju.

Tónleikarnir hefjast kl. 12. Aðgöngumiðar eru seldir klukkustund fyrir tónleika í anddyri kirkjunnar og kosta 2.500.



**Schola cantorum hefur hlotið viðurkenningar fyrir fagran söng.**

---



Elskuleg eiginkona, móðir, tengdamóðir, systir og frænka,
**Dagný María Sigurðardóttir**
félagsráðgjafi MA og sjúkraliði,
Þrastarási 26, Hafnarfirði,
lést á krabbameinsdeild Landspítalans, mánudaginn 25. júlí.

Útförin verður frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði föstudaginn 5. ágúst kl. 13. Blóm og kransar afþakkaðir en þeir sem vildu minnast hennar láti Dýraverndunarfélag Hafnfirðinga njóta þess, reikningur 0544-14-700311 og kt. 680880-0269.

**Jón Garðar Hafsteinsson**
**Ragnar Heiðar Jónsson**
**Axel Ingi Jónsson — Birna Styrmisdóttir**
**Páll Grétar Jónsson**
**Ingibjörg St. Sigurðardóttir — Jóhann Sigurðsson**
**Sigurður K. Sigurðsson — Hallfríður G. Blöndal**
**og fjölskylda.**

---



Ástríkur faðir okkar, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,
**Magnús Ingi Sigurðsson**
Hjallabraut 33, Hafnarfirði,
lézt sunnudaginn 31. júlí.

**Sigríður Margrét Magnúsdóttir — Björn V. Jónsson**
**Kristín María Magnúsdóttir — Jón Magnús Sveinsson**
**Herta Marianna Magnúsdóttir — Arthur Pétursson**
**Helga Jóna Ólafsdóttir — Ásgeir Friðsteinsson**
**Edda Ólafsdóttir**
**Þóra Ólafsdóttir — Aad Groeneweg**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar okkar elskulega
**Sigmundar Freysteinssonar**
verkfræðings.

**Sigríður Jónsdóttir**
**Jón Sigmundsson**
**Freysteinn Sigmundsson — Ástþrúður Sif Sveinsdóttir**
**Björn Sigmundsson**
**Ólafur Sigmundsson — Hulda Lind Eyjólfsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



Móðir okkar og amma,
**Sigríður Eyþórsdóttir**
verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 3. ágúst kl. 13.00.

Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á reikning leikhópsins Perlunnar, 0137-26-18529, kt. 5611881579.

**Börn og barnabörn.**

---



Ástkæra eiginkona mín, dóttir, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,
**Ingibjörg Steinunn Jónsdóttir**
Ólafsvegi 17, Ólafsfirði,
lést á sjúkrahúsi Siglufjarðar mánudaginn 25. júlí. Útför hennar fer fram frá Ólafsfjarðarkirkju fimmtudaginn 4. ágúst kl. 14.00.

**Guðmundur Gíslason**
**Cecilia Steingrímsdóttir**
**Helga Björg Guðmundsdóttir — Páll Svavarsson**
**Heiða Jóna Guðmundsdóttir — Jón H Eyþórsson**
**barnabörn og langömmubarn.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamamma, amma og langamma,
**Sigurrós Gísladóttir**
Sléttuvegi 15,
áður Ásgarði 27,
lést miðvikudaginn 20. júlí sl. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju miðvikudaginn 3. ágúst kl. 13.00.

**Svava Björnsdóttir — Sigurbjörn Björnsson**
**Eiður Björnsson — María M. Guðmundsdóttir**
**Gísli Björnsson — Anna Dórothea Tryggvadóttir**
**Anna Björnsdóttir — Róbert B. Agnarsson**
**Sigurrós B. Björnsdóttir — Guðmundur K. Hallgrímsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Okkar ástkæri
**Arnold B. Bjarnason**
lést á dvalarheimilinu Ísafold í Garðabæ laugardaginn 23. júlí.

Útför hans fer fram frá Vídalínskirkju í Garðabæ fimmtudaginn 4. ágúst kl. 13.

**Jóhanna Boeskov**
**Georg A. Bjarnason — Ragnheiður Hlynsdóttir**
**Ásgeir H. Bjarnason — Ásta Andreassen**
**Birna Bjarnason-Wehrens — Horst Wehrens**
**Örn Bjarnason — Ágústa Kristmundsdóttir**
**Áslaug Arnoldsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
**Ester Snæbirna Snæbjörnsdóttir**
Seljahlíð,
lést á hjúkrunarheimilinu Seljahlíð sunnudaginn 31. ágúst. Útförin verður frá Seljakirkju miðvikudaginn 10. ágúst kl. 13.00.

**Hafþór Sigurbjörnsson — Erla Björg Magnúsdóttir**
**Sigurður Rósant Sigurbjörnsson — Hafdís Ingimundardóttir**
**Ingibjörg Elín Sigurbjörnsdóttir — Sigurður Eyþórsson**
**Páll I Blöndal Sigurbjörnsson — Elfa Dís Austmann**
**Aðalheiður (Allý) Sigurbjörnsdóttir**
**Sigurbjörn Blöndal Sigurbjörnsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




**498**
kr. kg

**Danpo Kjúklingur**
Danskur, heill, frosinn

# BÓNUS skilar til viðskiptavina

## ólöglegri gjaldtöku ríkisins við útboð á kjúklingakvóta til innflutnings á kjúklingakjöti*

TAKMARKAÐ MAGN
ÞRIÐJI SKAMMTUR
40.000 POKAR




**1.279**
kr. 900 g

**Euro Shopper Kjúklingabringur**
Frosnar, 900 g



BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

*Sjá dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 317/2015 frá 21. janúar 2016

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Miðvikudagur




Í dag verður breytileg átt, 3 til 8 metrar á sekúndu. Það verða skúrir víða um land, þá einkum síðdegis í innsveitum. Milli skúranna mun eitthvað sjást til sólar og væntanlega verður alveg þurrt á höfuðborgarsvæðinu. Hiti 10 til 15 stig.

## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 10° | 7° | 10° |
| → 2 | ↙ 6 | ↓ 3 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 11° | 12° | 7° |
| ← 1 | ↑ 3 | ↑ 5 |

## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 12° | 9° | 12° |
| ↓ 1 | ↙ 3 | ↙ 2 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 13° | 11° | 7° |
| ↑ 6 | ↖ 5 | ↑ 4 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. stertur
6. pot
8. örn
9. viðmót
11. stöðug hreyfing
12. fita
14. guðshús
16. hvað
17. angan
18. mælieining
20. hljóm
21. gípa

**LÓÐRÉTT**
1. hrós
3. samtök
4. verkfæri
5. aðstoð
7. markmið
10. síðan
13. írafár
15. formóðir
16. húðpoki
19. gelt




**LÁRÉTT:** 2. tagl, 6. ot, 8. ari, 9. fas, 11. ið, 12. skvap, 14. moska, 16. ha, 17. ilm, 18. erg, 20. óm, 21. skál. **LÓÐRÉTT:** 1. lofs, 3. aa, 4. gripkló, 5. lið, 7. takmark, 10. svo, 13. asi, 15. amma, 16. hes, 19. gá.

### Skák Gunnar Björnsson

Capablanca átti leik gegn Tanarov í New York árið 1918.

**Hvítur á leik**

**1. Rh6+! Kh8 2. Dxe5! Dxe5 3. Rxf7+! Kg8. 4. Rxe5 1-0.** Íslandsmót kvenna hefst í kvöld. Sex skákkonur tefla um Íslandsmeistaratitil kvenna.

**www.skak.is:** Nýjar skákfréttir alla daga.






## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 3 | | 2 | | 9 | 6 | |
| 4 | 5 | | | | 9 | 8 | | |
| | | | 5 | | | | | 4 |
| | 7 | | | 9 | 8 | | 5 | |
| 1 | | | 2 | | | | | |
| | 9 | 4 | | 5 | | 7 | | 8 |
| | | | 4 | | 3 | | | 7 |
| 6 | | | | | | 3 | 2 | |
| 7 | | | | 1 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | 8 | 6 | 7 | | | 2 | |
| | | | 1 | | 4 | | 7 | |
| | 2 | | | 9 | | | 1 | 3 |
| 8 | | 6 | 4 | | 9 | | 3 | |
| 1 | 7 | | | | 5 | | | |
| | | | | 8 | | | | |
| | | 1 | 8 | | | | 5 | |
| | | 5 | | | | | | |
| 4 | | | 3 | | | 8 | | 1 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 3 | 9 | 7 | | 4 | 2 | | |
| | | | | 5 | | | | 8 |
| | | | 3 | | | 1 | | |
| | | 1 | | | | 4 | | |
| | 9 | | | 2 | 3 | | | |
| 6 | 8 | 2 | | | | | | |
| 4 | | | 2 | | | | | 1 |
| | | 7 | | | 6 | | | |
| | | | 4 | | 8 | 3 | | 6 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausn verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 4 | 5 | 9 | 2 | 6 | 1 | 3 | 7 |
| 2 | 9 | 6 | 3 | 1 | 7 | 5 | 4 | 8 |
| 1 | 7 | 3 | 5 | 4 | 8 | 6 | 9 | 2 |
| 6 | 1 | 4 | 7 | 8 | 5 | 3 | 2 | 9 |
| 5 | 8 | 9 | 6 | 3 | 2 | 4 | 7 | 1 |
| 3 | 2 | 7 | 1 | 9 | 4 | 8 | 5 | 6 |
| 7 | 3 | 1 | 4 | 6 | 9 | 2 | 8 | 5 |
| 9 | 6 | 8 | 2 | 5 | 3 | 7 | 1 | 4 |
| 4 | 5 | 2 | 8 | 7 | 1 | 9 | 6 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 4 | 8 | 1 | 6 | 5 | 2 | 3 | 7 |
| 3 | 6 | 5 | 2 | 7 | 4 | 9 | 8 | 1 |
| 1 | 7 | 2 | 3 | 8 | 9 | 4 | 6 | 5 |
| 7 | 3 | 1 | 4 | 9 | 8 | 6 | 5 | 2 |
| 2 | 8 | 6 | 5 | 3 | 1 | 7 | 4 | 9 |
| 4 | 5 | 9 | 6 | 2 | 7 | 3 | 1 | 8 |
| 6 | 1 | 3 | 7 | 5 | 2 | 8 | 9 | 4 |
| 8 | 2 | 4 | 9 | 1 | 3 | 5 | 7 | 6 |
| 5 | 9 | 7 | 8 | 4 | 6 | 1 | 2 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 8 | 7 | 1 | 2 | 3 | 4 | 6 | 5 |
| 3 | 2 | 4 | 6 | 8 | 5 | 7 | 9 | 1 |
| 1 | 5 | 6 | 4 | 9 | 7 | 3 | 8 | 2 |
| 6 | 1 | 5 | 9 | 7 | 8 | 2 | 3 | 4 |
| 4 | 3 | 8 | 2 | 5 | 6 | 1 | 7 | 9 |
| 2 | 7 | 9 | 3 | 1 | 4 | 6 | 5 | 8 |
| 5 | 9 | 1 | 7 | 3 | 2 | 8 | 4 | 6 |
| 7 | 4 | 2 | 8 | 6 | 9 | 5 | 1 | 3 |
| 8 | 6 | 3 | 5 | 4 | 1 | 9 | 2 | 7 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



DORMA
Láttu drauminn rætast

# Sumar-útsalan

ALLT AÐ {50%} AFSLÁTTUR

nú á fjórum stöðum

Holtagörðum | Smáratorgi | Akureyri | Ísafirði






Nature's Bedding

Svart PU leður á botni.

## NATURE'S REST
heilsurúm m/classic botni

| Stærð cm | Fullt verð |
|---|---|
| 120x200 | 79.900 kr. |

20% AFSLÁTTUR
af 120x200 cm á meðan birgðir endast.

**Tilboð** 120 x 200 cm
Aðeins **63.920** kr.

- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Góðar kantstyrkingar
- Burstaðir stálfætur
- Sterkur botn
- 320 gormar pr fm²




Þú finnur nýja bæklinginn okkar á www.dorma.is



38% AFSLÁTTUR

## GOZZANO
svefnsófi

Einlitur ljós- eða dökkgrár og dökkgrár með ljósgrárri yfirdýnu. Stærð: 195 x 110 x 91.5 cm.

**Fullt verð: 79.900 kr.**

Aðeins **49.900 kr.**

**Afgreiðslutími Rvk**
Mánudaga til föstudaga kl. 10–18
Laugardaga kl. 11–17
Sunnudaga kl. 12–16 (Smáratorg)
**www.dorma.is**

**Holtagörðum, Reykjavík**
512 6800
**Smáratorgi, Kópavogi**
512 6800

**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100
**Skeiði 1, Ísafirði**
456 4566

DORMA
Láttu drauminn rætast

LAUGARÁS BÍÓ
midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
BAD MOMS
JASON BOURNE
THE INFILTRATOR

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
| --- | --- |
| LEYNILÍF GÆLUDÝRA 2D ÍSL.TAL | 4, 6 |
| LEYNILÍF GÆLUDÝRA 3D ÍSL.TAL | 3:30 |
| LEYNILÍF GÆLUDÝRA 2D ENS.TAL | 3:50, 6, 8 |
| BAD MOMS | 5:40, 8, 10:30 |
| JASON BOURNE | 8, 10:10 |
| THE INFILTRATOR | 10 |

SAMBÍÓIN SAMbio.is
SUICIDE SQUAD
Stærsta mynd sumarsins er komin
LEYNILÍF GÆLUDÝRA
Hér er Bourne upp á sitt besta
ENTERTAINMENT WEEKLY
MATT DAMON JASON BOURNE
MORGUNBLAÐIÐ
HITFIX
83%
STAR TREK BEYOND

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
| --- | --- |
| SUICIDE SQUAD 3D | KL. 17:20 - 20 - 22:40 |
| SUICIDE SQUAD 2D | KL. 14:50 - 18 - 20:40 - 23:20 |
| SUICIDE SQUAD 2D VIP | KL. 12 - 14:40 - 17:20 - 20 - 22:40 |
| LEYNILÍF GÆLUDÝRA ÍSLTAL 3D | KL. 12 - 14 - 16 |
| LEYNILÍF GÆLUDÝRA ÍSLTAL 2D | KL. 13 - 15:10 - 17:50 |
| JASON BOURNE | KL. 20 - 22:40 |
| STAR TREK BEYOND 2D | KL. 17:30 - 20 - 22:40 |
| THE BFG | KL. 12:30 - 15 - 17:30 - 20 |
| THE LEGEND OF TARZAN 2D | KL. 22:30 |
| LEITIN AÐ DÓRU ÍSLTAL 2D | KL. 13 - 15:20 |
| RIBBIT ÍSLTAL | KL. 12:50 (400 KR.) |
| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
| SUICIDE SQUAD 3D | KL. 17:20 - 20 - 22:40 |
| STAR TREK BEYOND 3D | KL. 20 |
| NOW YOU SEE ME 2 | KL. 22:40 |
| LEITIN AÐ DÓRU ÍSLTAL 2D | KL. 17:40 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
| --- | --- |
| SUICIDE SQUAD 3D | KL. 17:20 - 20 - 22 |
| SUICIDE SQUAD 2D | KL. 22:40 |
| JASON BOURNE | KL. 17:20 - 20 - 22:30 |
| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | |
| SUICIDE SQUAD 3D | KL. 8:10 - 10:50 - 13:30 - 17:20 - 20 - 22:40 |
| SUICIDE SQUAD 2D | KL. 6 - 9:10 - 12 - 14:50 - 6:20 - 21 - 23:40 |
| NOW YOU SEE ME 2 | KL. 17:20 - 20 - 22:40 |
| LEITIN AÐ DÓRU ÍSLTAL 2D | KL. 12:40 - 15 |
| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
| SUICIDE SQUAD 3D | KL. 17:20 - 20 |
| SUICIDE SQUAD 2D | KL. 22:40 |
| LEYNILÍF GÆLUDÝRA ÍSLTAL 3D | KL. 17:50 |
| JASON BOURNE | KL. 22:40 |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU
KR.950 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1250 Á GRÆNT
BFG
VARIETY
NOW YOU SEE ME 2
LEITIN AÐ DÓRU

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
SUICIDE SQUAD
LEYNILÍF GÆLUDÝRA
FORELDRABÍÓ
Á FÖSTUDAGINN
KL. 12 Í SMÁRABÍÓI
Í beinni
TURANDOT
15 september
í Háskólabíói
PARTY LIKE A MOTHER
BAD MOMS
GHOSTBUSTERS
JASON BOURNE
Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is

# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvað@frettabladid.is

## 3. ÁGÚST 2016

### Tónlist

**Hvað?** Sónötur fyrir selló og píanó
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Hannesarholti
Geirþrúður Anna Guðmundsdóttir, og Bjarni Frímann Bjarnason flytja sónötur fyrir selló og píanó eftir C. Debussy, L. van Bethoven og F. Mendelssohn. Miðaverð er 2.500 krónur en einungis 1.000 krónur fyrir námsmenn. Miða má nálgast inn á midi.is.

**Hvað?** Barnastund Bergmáls – Krummi litli
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Berg menningarhús, Dalvík
Tónlistarhátíðin Bergmál er í fullum gangi á Dalvík og í dag verður barnastund í boði með ókeypis aðgangi.

**Hvað?** Galatónleikar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Berg menningarhús, Dalvík
Ópera, íslensk sönglög og argentínskur tangó verður í boði á galakvöldi tónlistarhátíðarinnar Bergmáls á Dalvík. Aðgangseyrir er 3.000 krónur.

**Hvað?** Á hinsegin nótum
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Norðurljósasalur Hörpu
Nokkrir af fremstu flytjendum Íslands munu spila verk eftir hinsegin tónskáld sögunnar eins og Pjotr Tsjajkovskíj, Francis Poulenc, Benjamin Britten, Leonard Bernstein og Steven Sondheim. Árni Heimir Ingólfsson píanóleikari mun spila á píanóið og kynna jafnframt efnisskrána. 1.000 krónur kostar inn og auðvitað gildir Pridepassinn.

**Hvað?** Eurovision unplugged
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Græna herbergið
Eurobandið verður með órafmagnaða tónleika á Græna herberginu í tilefni Hinsegin daga. Miðaverð er 2.900 krónur og athugið að aðeins 70 miðar eru í boði.


Það verður mikið um að vera í Iðnó í tilefni Hinsegin daga.

**Hvað?** Silja Rós og Rebekka Sif
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Café Rosenberg
Silja Rós og Rebekka Sif spila djass, rokk og frumsamið á Rosenberg. Aðgangseyrir er 1.000 krónur.

**Hvað?** Bræðralag
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Garðakaffi, Akranesi
Ómar Guðjónsson gítarleikari og Tómas R. Einarsson kontrabassaleikari hafa verið að spila saman ansi lengi og gáfu meðal annars út plötuna Bræðralag á síðasta ári.

### Uppákomur

**Hvað?** Hinsegin spuni
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Iðnó
Improv Ísland verður með sérstakan hinsegin spuna í tilefni Hinsegin daga. Aðgangseyrir er 2.000 krónur.

**Hvað?** Kynvillt Klambratún
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Klambratún
Íþróttafélagið Styrmir stendur fyrir gleði og grilli á Klambratúni í dag. Hinsegin félög munu etja kappi í pokahlaupi, blaki og boltaleikjum og pylsur og með því í boði.

**Hvað?** Hinsegin bókmenntaganga
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Borgarbókasafnið
90 mínútna bókmenntaganga þar sem verða lesnir textar sem veita innsýn í samfélag og líf samkynhneigðra einstaklinga. Meðal höfunda sem eiga texta í göngunni má nefna m.a. Elías Mar, Málfríði Einarsdóttur, Guðberg Bergsson, Sjón, Vigdísi Grímsdóttur og Hallgrím Helgason.

**Hvað?** Hinsegin kynfræðsla
**Hvenær?** 18.30
**Hvar?** Iðnó
Guðmunda Smára verður með kynfræðslu þar sem áherslan er hinsegin veruleiki. Fyrirlesturinn er öllum opinn og það er frítt inn.


Tómas R. Einarsson plokkar bassann ásamt Ómari Guðjónssyni á Akranesi í kvöld.

### Fundir og námskeið

**Hvað?** Niðrandi orðræða um hinsegin fólk
**Hvenær?** 09.00
**Hvar?** Iðnó
Örnámskeið þar sem gestir fá fræðslu og verkfæri til að útrýma hinsegin neikvæðni í nærumhverfinu og skólanum, enda líðst enn niðrandi tal um hinsegin fólk í grunnskólum landsins. Starfsfólk grunnskóla og frístundaheimila er sérstaklega hvatt til að mæta. Námskeiðið er frítt.

**Hvað?** Hinsegin réttindabarátta á Íslandi fyrr og nú
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Iðnó
Hádegisfundur þar sem verður rætt um sögu réttindabaráttu hinsegin fólks á Íslandi. Erindi flytja Baldur Þórhallsson, Íris Ellenberger, Ugla Stefanía Kristjönudóttir og Kitty Anderson. Fundarstjóri er Svandís Anna Sigurðardóttir.

### Listasýningar

**Hvað?** Rúllandi snjóbolti
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** Bræðslan, Djúpavogi
Nútímalistasýning á Djúpavogi þar sem 32 listamenn sýna verk sín, bæði íslenskir listamenn og erlendir. Sýningin stendur til 21. ágúst.

**Hvað?** Arkitektúr og Akureyri
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Ketilhúsið, Akureyri
Sýning þar sem byggingarlist á Akureyri er í hávegum höfð. Valdar hafa verið nokkrar byggingar eftir núlifandi arkitekta sem ýmist hafa unnið í samkeppni eða hlotið sérstakar viðurkenningar. Gestir fá tækifæri til að kynna sér hugmyndirnar og innblásturinn sem liggja að baki byggingunum. Sýningin mun standa til 28. ágúst.

FUDGE
Mættu og taktu númer
Rakarastofan Klapparstíg
S: 5513010

RISA ÚTSALA
20-60% AFSLÁTTUR!
ÓTRÚLEG TILBOÐ Á HEILSURÚMUM!
rekkjan
HEILSURÚM
ARGH!!! 030816 #2


Tónleikur kynnir
NO BAD DAYS TOUR
TOM ODELL
Eldborg
24. ágúst
Miðasala hefst í dag.
á harpa.is- tix.is og í síma 528 50 50



**BESTI VINUR MANNSINS**
Stórskemmtilegir þættir þar sem við fáum að kynnast þeim hundategundum sem til eru á landinu, heyrum um uppruna þeirra og fylgjumst með hundum í þeim aðstæðum sem þeir eru ræktaðir til. **Þáttastjórnandi er Daníel Örn Hinriksson.**


FRÁBÆR MIÐVIKUDAGUR

Fáðu þér áskrift á **365.is**

365


**BONES**
Dr. Temperance Brennan réttarmeinafræðingur er kölluð til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálunum. Stórskemmtilegur og spennandi þáttur.



**ORANGE IS THE NEW BLACK**
Fjórða serían um Piper Chapman sem lendir í fangelsi fyrir glæp sem hún framdi fyrir mörgum árum. Frábærir og geysilega vinsælir verðlaunaþættir.



**REAL TIME WITH BILL MAHER**
Vandaður og hressandi spjallþáttur í umsjón Bill Maher þar sem hann fer yfir málefni líðandi stundar með hinum ólíkustu gestum.



**THE X-FILES**
Dramatísk spennumynd um alríkislögreglparið fræga Mulder og Scully. Þau þurfa að koma í veg fyrir að valdamiklir einstaklingar fremji glæp.



**LEGENDS OF TOMORROW**
Frábærir þættir um tímaflakkara sem safnar saman liði skúrka og ofurhuga til að koma í veg fyrir endalok heimsins.



Krakka Stöðin
**DÓRA LANDKÖNNUÐUR**
Dóra landkönnuður, Klossi og félagar fara í ævintýralegan leiðangur og leysa skemmtilegar þrautir og verkefni á leiðinni.




**Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.** **365.is**


# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur

## STÖÐ 2

**07.00 Simpson-fjölskyldan**
**07.25 Teen Titans Go**
**07.50 The Middle**
**08.15 Mindy Project**
**08.35 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 The Doctors**
**10.20 Logi**
**11.10 Anger Management**
**11.30 Schitt's Creek**
**11.55 Dallas**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Matargleði Evu**
**13.25 Hart of Dixie**
**14.10 Mayday. Disasters**
**15.00 Hollywood Hillbillies**
**15.25 Baby Daddy**
**15.50 Ground Floor**
**16.20 Two and a Half Men**
**16.50 Teen Titans Go**
**17.15 Simpson-fjölskyldan**
**17.40 Bold and the Beautiful**
**18.05 Nágrannar**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2x**
**18.50 Íþróttir**
**19.10 Víkingalottó**
**19.15 Friends**
**19.35 Mom** Önnur gamanþáttaröðin um einstæðu móðurina Christy sem hefur háð baráttu við Bakkus en er nú að koma lífi sínu á rétt ról. Hún ákveður að hefja nýtt líf í Napa Valley í Kaliforníu en það eru margar hindranir í veginum, ekki síst í hennar eigin fjölskyldu. Mamma hennar er einnig óvirkur alkóhólisti og 16 ára dóttir hennar er að leiðast út á hættulega braut. Þættirnir eru úr smiðju Chuck Lorre, sem er maðurinn á bak við nokkrar af vinsælustu gamanþáttaraðir nútímans, t.d. Two and a Half Men, The Big Bang Theory og Mike & Molly.
**20.00 Besti vinur mannsins**
**20.25 Bones** Ellefta röðin af þessum stórskemmtilegu þáttum þar sem fylgst er með störfum dr. Temperance Brennan réttarmeinafræðings, sem kölluð er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum. Brennan vinnur náið með rannsóknarlögreglumanninum Seeley Booth sem kunnugt er.
**21.10 Orange Is the New Black**
**22.10 Real Time with Bill Maher**
**23.10 Person of Interest**
**23.55 Tyrant**
**00.45 Containment** Ný spennuþáttaröð úr smiðju Warner. Stór hluti borgarinnar Atlanta í Bandaríkjunum er sett í sóttkví þegar faraldur brýst út í borginni og þeir sem lokast inni berjast fyrir lífi sínu. Hér er fjallað um það sem gerist þegar fjölskyldur splundrast og lítið samfélag byrjar að myndast inni í í herkvínni en þá kemur hið sanna innræti fólks í ljós þar sem ólíklegustu hetjur birtast og ótúlegasta fólk sýnir sínar dekkstu hliðar.
**01.30 The Killing**
**02.30 The Killing**
**03.25 Rita**
**04.05 Stalker**
**04.50 Married**
**05.15 The Middle**

## SPORT

**09.55 IAAF Diamond**
**12.00 IAAF Diamond League**
**14.00 Pepsímörkin**
**15.45 Borgunarbikar karla**
**17.35 Borgunarbikar karla**
**18.00 International Champions Cup**
**19.30 Pepsi-deildin**
**22.00 Sumarmótin**
**22.40 NBA**
**23.30 International Champions Cup**
**01.30 International Champions Cup**

## STÖÐ 3

**17.45 Raising Hope**
**18.10 The Big Bang Theory**
**18.30 Modern Family**
**18.55 Fóstbræður**
**19.25 Entourage**
**19.55 Næturvaktin**
**20.25 Neyðarlínan**
**21.00 Legends of Tomorrow**
**21.45 Salem**
**22.30 The Vampire Diaries**
**23.15 Burn Notice**
**00.00 Legit**
**00.25 Legit**
**00.50 Fóstbræður**
**01.20 Entourage**
**01.50 Næturvaktin**
**02.20 Neyðarlínan**
**02.55 Tónlist**

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00 Áfram Diego, áfram!**
**07.49 Lalli**
**07.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**08.00 Skógardýrið Húgó**
**08.25 Lína langsokkur**
**08.48 Skoppa og Skrítla enn út um hvippinn og hvappinn**
**09.00 Ljóti andarunginn og ég**
**09.25 Ævintýri Tinna**
**09.47 Mæja býfluga**
**10.00 Dóra könnuður**
**10.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**10.47 Ævintýraferðin**
**11.00 Áfram Diego, áfram!**
**11.49 Lalli**
**11.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**12.00 Skógardýrið Húgó**
**12.25 Lína langsokkur**
**12.48 Skoppa og Skrítla enn út um hvippinn og hvappinn**
**13.00 Ljóti andarunginn og ég**
**13.25 Ævintýri Tinna**
**13.47 Mæja býfluga**
**14.00 Dóra könnuður**
**14.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**14.47 Ævintýraferðin**
**15.00 Áfram Diego, áfram!**
**15.49 Lalli**
**15.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**16.00 Skógardýrið Húgó**
**16.25 Lína langsokkur**
**16.48 Skoppa og Skrítla enn út um hvippinn og hvappinn**
**17.00 Ljóti andarunginn og ég**
**17.25 Ævintýri Tinna**
**17.47 Mæja býfluga**
**18.00 Dóra könnuður**
**18.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**18.47 Ævintýraferðin**
**19.00 Hákarlabeita 2**



14.00 Dóra könnuður

## GOLFSTÖÐIN

**08.30 Golfing World**
**09.20 PGA Championship**
**14.20 Countdown to the Ryder**
**14.45 Golfing World**
**15.35 PGA Championship**
**20.35 Golfing World**
**21.25 Marathon Classic**
**23.25 Golfing World**

## BÍÓSTÖÐIN

**11.50 Tammy**
**13.25 St. Vincent**
**15.10 Pixels**
**16.55 Tammy**
**18.30 St. Vincent** Bill Murray og Melissa McCarthy fara á kostum í þessari frábæru gamanmynd frá 2014. Oliver flytur ásamt mömmu sinni í nýtt hverfi og einn af nýju nágrönnunum er hinn kærulausi, blanki einbúi Vincent de Van Nuys. Mamma Olivers fær Vincent til að passa drenginn á meðan hún er í vinnunni en Vincent er engin venjuleg barnapía og hefur aðrar hugmyndir um barnauppeldi en flestir foreldrar. Með önnur aðalhlutverk fara Naomi Watts og Jaeden Lieberher.
**20.15 Pixels**
**22.00 The X-Files** Dramatísk spennumynd með David Duchovny og Gillian Anderson sem leika alríkislögregluparið fræga Mulder og Scully, en þau þurfa að koma í veg fyrir að alþjóðlegum leynisamtökum valdamikilla einstaklinga takist ætlunarverk sitt.
**00.05 Cloud Atlas**
**02.55 The Cabin in the Woods**
**04.30 The X-Files**

## RÚV

**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Finni kostur**
**18.18 Sígildar teiknimyndir**
**18.25 Gló magnaða**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Íslendingar**
**20.30 Að alast upp trans**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Popp- og rokksaga Íslands**
**23.20 Doll og Em**
**23.45 Dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rules of Engagement**
**08.20 Dr. Phil**
**09.00 Kitchen Nightmares**
**09.50 Got to Dance**
**10.40 Pepsi MAX tónlist**
**12.50 Dr. Phil**
**13.30 The Odd Couple**
**13.55 Crazy Ex-Girlfriend**
**14.40 90210**
**15.25 Cooper Barrett's Guide to Surviving Life**
**15.50 The Bachelor**
**16.35 The Tonight Show with Jimmy Fallon**
**17.15 The Late Late Show with James Corden**
**17.55 Dr. Phil**
**18.35 Everybody Loves Raymond**
**19.00 King of Queens**
**19.25 How I Met Your Mother**
**19.50 Telenovela**
**20.15 Survivor**
**21.00 Heartbeat**
**21.45 Satisfaction**
**22.30 The Tonight Show with Jimmy Fallon**
**23.10 The Late Late Show with James Corden**
**23.50 Blood & Oil**
**00.35 BrainDead**
**01.20 Zoo**
**02.05 Heartbeat**
**02.50 Satisfaction**
**03.35 The Tonight Show with Jimmy Fallon**
**04.15 The Late Late Show with James Corden**
**04.55 Pepsi MAX tónlist**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

SAMSUNG

# SPARIDAGAR

*fyrir heimilin í landinu*




SAMSUNG

LED • 1920x1080 • 400 PQI • Nýtt Smart viðmót

**49” K5505 kr. 139.900.-**

**SPARIDAGAVERÐ: 118.900,-**




SAMSUNG

UHD • 4K • 8 milljón pixlar • 1500 PQI • Nýtt Smart viðmót • Quad-Core örgjörvi

**49” KU6405/6475 kr. 184.900.-**

**SPARIDAGAVERÐ: 156.900,-**




SAMSUNG

UHD • Curved • 4K • 8 milljón pixlar • 1600 PQI • Nýtt Smart viðmót • Quad-Core örgjörvi

**49” KU6655/6505 kr. 199.900.-**

**SPARIDAGAVERÐ: 169.900,-**

SAMSUNG

Sjónvörp
Soundbar
Heimabíó
Heyrnartól
Tölvuskjáir
Prentarar

## Tilboð
## Afslættir
## Verðlækkun

SAMSUNG

Þvottavélar
Uppþvottavélar
Þurrkarar
Kæli- og frystiskápar
Örbylgjuofnar
Ofnar og helluborð

## ecobubble þvottavélar

Við seljum eingöngu SAMSUNG með kolalausum mótor með 10 ára ábyrgð

## Uppþvottavél í sérflokki
### með Waterwall tækni




SAMSUNG WW70
7 KG. 1400 SN.
KR. 94.900,-
**SPARIDAGAVERÐ: 79.900,-**




SAMSUNG WW80
8 KG. 1600 SN.
KR. 119.900,-
**SPARIDAGAVERÐ: 99.900,-**



SAMSUNG DV80
8 kg Þurrkari
KR. 159.900,-
**SPARIDAGAVERÐ:135.900,-**



Framhlið úr burstuðu stáli / Stillingar ofan á hurð, blár litur / Tekur 14 manna stell / 5 þvottakerfi / Starttímaseinkun / Orkunýtni A++ / Orkunotkun á ári (kWst) : 266 / Hljóðlát aðeins 41db / Stillanleg efrigrind / Grind efst fyrir hnífapör með sérstökum "FLEX" bakka / 2 þvottaarmar + "WATERWALL" / Stærð (h x b x d): 817 x 598 x 575 mm

**Kr. 199.900,-**

**SPARIDAGAVERÐ: 169.900,-**

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

SAMSUNG SETRIÐ

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

| | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON | ORMSSON | KS | SR BYGG | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI | TÆKNIBORG | OMNIS | BLÓMSTURVELLIR |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |

FRÉTTABLAÐIÐ LÍFIÐ

# Mikið af óvenjulegum stöðum í Breiðholtinu

Næstkomandi sunnudag verður mikið um að vera í Breiðholti þegar Breiðholt Festival verður haldið þar í annað sinn.



Sigríður Sunna Reynisdóttir og Valgeir Sigurðsson eru listrænir stjórnendur hátíðarinnar sem verður haldin að mestu leyti í skúlptúragarði Hallsteins Sigurðssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Hátíðin Breiðholt Festival verður haldin í annað sinn næstkomandi sunnudag klukkan eitt og stendur yfir allan daginn. Á hátíðinni koma fram ýmsir listamenn af öllum sviðum listsköpunar. Í boði verða tónleikar þar sem spila til dæmis Hermigervill, Pascal Pinion og Daníel Bjarnason – það verður hægt að hlýða á kóra og myndlist verður til sýnis, vinnustofur og alls kyns aðrir viðburðir hér og þar um svæðið. Hátíðin mun fara fram í og við skúlptúragarð Hallsteins Sigurðssonar myndhöggvara, en Hallsteinn sjálfur verður með opna vinnustofu á svæðinu þar sem verða til sýnis smærri verk eftir hann.

„Við prufukeyrðum þetta í júní í fyrra. Það gekk bara vonum framar, við fengum geggjað veður, fína umfjöllun og góða mætingu – þannig að við höldum ótrauð áfram,“ segir Sigríður Sunna Reynisdóttir, einn af skipuleggjendum hátíðarinnar.

*En af hverju Breiðholtið og hvernig varð þessi hugmynd um festival þar til?*

„Við Valgeir Sigurðsson, sem erum listrænir stjórnendur hátíðarinnar, vorum einfaldlega í göngutúr um Breiðholtið, okkar heimahverfi, og allt í einu fórum við að horfa á það með gests augum og áttuðum okkur á því að hér væri allt til alls til að halda góða hátíð – eins og skemmtilegir og óvenjulegir staðir.

Við erum líka bæði listamenn, ég í leikhúsi og hann í tónlist, og erum því mikið í því að fara niður í bæ með allan okkar búnað til að taka þátt í viðburðum þar og við bara ákváðum að snúa því við og fá fólk hingað. Svo eru líka persónulegar ástæður – við vildum fá fólkið út úr húsunum sínum og til að kynnast nágrönnum, vekja smá líf í hverfinu svo að mannlífið sé ekki svona aðskilið – annars vegar í miðbænum og hins vegar sé það

**„ VIÐ VORUM EINFALDLEGA Í GÖNGUTÚR UM BREIÐHOLTIÐ, OKKAR HEIMAHVERFI, OG ALLT Í EINU FÓRUM VIÐ AÐ HORFA Á ÞAÐ MEÐ GESTS AUGUM OG ÁTTUÐUM OKKUR Á ÞVÍ AÐ HÉR VÆRI ALLT TIL ALLS TIL AÐ HALDA GÓÐA HÁTÍÐ.**

með hálfgerðum svefnbæjarbrag hér í úthverfunum. Síðan fórum við líka að skoða hvað það er mikið af listafólki og hvað það kemur mikil menning úr hverfinu – flestir lykillistamennirnir sem koma fram hafa alist hér upp, búa enn þá í Breiðholti eða hafa unnið hér. Allir listamennirnir hafa tengingu, ólíka þó, við Breiðholt.

Á Facebook-síðu hátíðarinnar erum við að kynna listamennina einn í einu þar sem þeir segja frá tengingu sinni við hverfið og frá uppáhaldsstöðunum sínum – sem varpar nýju ljósi á hverfið. Til dæmis verður Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir, tónlistar- og myndlistarkona, með teikningar tengdar Breiðholti og sjálfsævisöguleg skrif sem líka tengjast hverfinu en hún ólst upp hérna í Breiðholti og lærði myndlist í FB.

Ragnheiður Maísól Sturludóttir verður með opna vinnustofu þar sem fólk getur komið við, þar verður svona lítið Breiðholt sem á að rísa úr pappa og heitir Smáholt. Það verður alveg tilvalið fyrir fjölskyldur og vini að eyða smá tíma hjá henni þarna. Það mun lítil Breiðholtskirkja rísa úr pappa, blokkir og önnur mannvirki sem fólk þekkir úr hverfinu.

Við viljum endilega hvetja fólk til að koma með sundföt því að það verður opið í Ölduselslaug sem er yfirleitt ekki opin almenningi, hún er notuð til sundkennslu í hverfinu. Það verða viðburðir þar, það verður hægt að hlusta á hljóðinnsetningu ofan í vatninu, það verður hljómsveit, sundlaugar-zumba og ýmislegt annað þarna ofan í.“

Eins og áður sagði hefst hátíðin klukkan eitt á sunnudaginn og er frítt að taka þátt í öllum viðburðum hennar. **stefanthor@frettabladid.is**



Bjarni Frímann og Geirþrúður Anna á æfingu fyrir tónleikana í Hannesarholti í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Það eru nú reyndar stórir skór að fylla

Geirþrúður Anna Guðmundsdóttir og Bjarni Frímann Bjarnason flytja sónötur fyrir selló og píanó eftir Debussy, Beethoven og Mendelssohn í Hannesarholti í dag kl. 17.30. Geirþrúður Anna stundar um þessar mundir framhaldsnám í Bandaríkjunum og segir að sér finnist alltaf gaman að halda tónleika hér heima þegar færi gefst. „Ég hef verið að halda tónleika hérna heima nokkuð reglulega og við Bjarni höfum nú þekkst í nokkur ár en hann er einnig í námi erlendis þessi misserin. Mér datt því í hug að spyrja Bjarna og við ákváðum að slá til og halda litla tónleika. Við völdum efnisskrána í sameiningu og erum á því að þetta verði bæði léttir og skemmtilegir klassískir tónleikar svo við vonumst bara til þess að sjá sem flesta.“

Foreldrar Geirþrúðar Önnu eru bæði tónlistarfólk og hún segir að hún hafi ekki verið nema um fimm ára gömul þegar þau sendu hana fyrst í fiðlunám. „Mér fannst það alveg ófært þannig að ég skipti mjög snemma yfir á selló og hef haldið mig við það síðan. Það voru líka hæg heimatökin þar sem Gunnar Kvaran sem tók að sér að kenna mér er líka föðurbróðir minn.“ Aðspurð hvort henni sé þá ekki ætlað að taka við keflinu af frænda sínum lætur Geirþrúður Anna sér hvergi bregða. „Við sjáum nú til með það. Þetta eru nú reyndar ákaflega stórir skór að fylla en ég geri mitt besta.“ **– mg**

# Bláberjabollakökur

**Uppskriftin gefur um það bil 12 bollakökur**

280 g hveiti
1 tsk. lyftiduft
1 tsk. salt
115 g púðursykur
2 egg
150 g bláber (fersk eða frosin)
250 ml mjólk
85 g brætt smjör
1 tsk. vanillu-extrakt
Rifinn börkur af einni sítrónu

**Aðferð:**

- Byrjum á því að stilla ofninn á 200°C.
- Sigtið saman hveiti, lyftiduft og salt í stóra skál. Bláberjum og sykrinum er síðan bætt saman við varlega með sleif. Finnum okkur aðra skál, pískum eggin og bætum mjólkinni, smjörinu og vanilluextraktinu saman við.
- Blöndum því næst eggjablöndunni saman við þurrefnin og blöndum því vel saman.
- Síðast en ekki síst bætum við sítrónuberkinum við. Þessu er síðan öllu blandað svakalega vel saman og beint í falleg bollakökuform.
- Inn í ofn við 200°C í 20 mínútur.

**Uppskrift fengin af evalaufey.com.**



DEBENHAMS

SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNNAR

ALLT AÐ

70%

AFSLÁTTUR

GÖTU-
MARKAÐUR

HEFST Í DAG
ENN LÆGRA VERÐ

OPIÐ 11:00 - 19:00 Í DAG

Gildir út sunnudag

Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

Sumar
ÚTSALAN
LOKAVIKAN
Allt að
70%
afsláttur



179.990 kr. ~~239.990 kr.~~
25% AFSLÁTTUR

KIRUNA
U-sófi. Hægri eða vinstri tunga. Dökkgrátt slitsterkt áklæði. Stærð: 301 × 200 × 78 cm

SALLY
Hægindastóll PU-leður
Litir: Brandy, brúnn og svartur.



25% AFSLÁTTUR

29.990 kr. ~~39.980 kr.~~

ÖLL SMÁVARA FRÁ IVV
30%
AFSLÁTTUR






Þú finnur útsölubæklinginn á www.husgagnahollin.is

HÚSGAGNA HÖLLIN
www.husgagnahollin.is
558 1100

Endalaust sumar
ENDALAUS GSM
2.990 KR.
ÓTAKMARKAÐ TAL, SMS OG 30 GB GAGNAMAGN*
EKKI HAFA ÁHYGGJUR AF SÍMNOTKUNINNI Í SUMAR!
Settu þig í samband og fáðu Endalausan GSM 1817 | 365.is



Dóra Jóhannsdóttir leikkona hefur í nægu að snúast þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA.

# Spuninn er eins og hver önnur íþrótt

**Dóra Jóhannsdóttir** leikkona mun taka að sér nýtt hlutverk í vetur þegar hún sest í leikstjórastólinn ásamt því sem hún mun halda áfram að þjálfa upprennandi spunaleikara í hópnum Improv Ísland.

Ég mun leikstýra minni fyrstu sýningu í Borgarleikhúsinu í vetur, verkið heitir Ræman og fjallar um starfsmenn í bíói, það má segja að leikritið sé frekar lágstemmt, einlægt, fallegt og fyndið. Þetta er mjög spennandi, ég er með frábæra leikara sem ég er virkilega spennt að vinna með,“ segir Dóra Jóhannsdóttir leikkona spurð út í frumraun sína sem leikstjóri í Borgarleikhúsinu.

Æfingar hefjast í haust en meðal leikara í sýningunni eru þau Kristín Þóra Haraldsdóttir, Hjörtur Jóhann Jónsson og Davíð Þór Katrínarson.

„Þetta er frábær hópur, Kristín Þóra og Hjörtur unnu bæði Grímuna í fyrra og Davíð Þór er virkilega spennandi ungur leikari sem útskrifaðist úr leiklistarskóla í Los Angeles. Þetta er hans fyrsta verkefni í Borgarleikhúsinu,“ segir Dóra og bætir við að hún hlakki mikið til að vinna með þeim.

Nóg er á döfinni hjá Dóru en ásamt leikstjóraverkefninu stofnaði Dóra spunahópinn Improv Ísland fyrir nokkrum árum en hópurinn mun koma fram í Tjarnarbíói í dag sem hluti af dagskrá Gay Pride.

„Við erum alltaf með opnar æfingar og námskeið fyrir alla, en þeir sem hafa æft lengst eru í sýningarhóp sem kemur fram við ýmis tækifæri. Það þarf mikla tækni til að vera í góðu spunaformi svo við höfum verið að æfa stíft. Fólk er að æfa einu sinni til fjórum sinnum í viku, því betra formi sem þú ert í, því fyndnari og skemmtilegri ertu á sviðinu,“ segir hún.

„Það tekur langan tíma að ná öryggi í spunanum, þetta er eins og hver önnur íþrótt, þú þarft að raða inn klukkutímum af æfingum og í samræmi við það verður þú betri,“ segir hún.



Spunahópurinn Improv Ísland kemur fram í Tjarnarbíói í dag. MYND/MÓA GUSTUM

Dóra lærði spunatækni í New York í nokkur ár en frá því hún stofnaði Improv Ísland er óhætt að segja að áhugi fyrir spuna á Íslandi hafi aukist töluvert.

„Ég lærði spuna í Upright Citizens Brigade í New York, leikkonan Amy Poehler stofnaði skólann fyrir um tuttugu árum síðan,“ segir Dóra og bætir við að eftir því sem þau verði færari og fleiri sæki námskeiðin þeirra aukist áhuginn hér heima, sem sé frábært.

„Það eru mikil fræði og pælingar á bak við spunann og hægt er að nýta sér spunatæknina á alls konar starfsvettvöngum og í ýmsum samskiptum,“ segir Dóra. Sýningarhópur Improv Ísland verður einnig með spunamaraþon í Þjóðleikhúskjallaranum á Menningarnótt þar sem hópurinn mun sýna í tíu klukkutíma.

Framundan er nóg um að vera hjá Dóru, en ásamt því að leikstýra sinni fyrstu sýningu í Borgarleikhúsinu í vetur, mun hún leika í bíómynd og halda áfram að þjálfa upprennandi spunaleikara.

„Þetta verður skemmtilegur vetur. Ég mun taka þátt í spennandi verkefni sem heitir Fórn, ásamt Ernu Ómarsdóttur og Valdimar Jóhannssyni og fleirum. Svo er ég að leika lítið hlutverk í kvikmyndinni Undir trénu eftir Hafstein Gunnar Sigurðsson,“ segir Dóra að lokum.

**gudrunjona@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# SUMAR ÚTSALA

# LOKAVIKAN



# ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR




**FAXAFENI 5**
Reykjavík
588 8477

**DALSBRAUT 1**
Akureyri
588 1100

**SKEIÐI 1**
Ísafirði
456 4566

**AFGREIÐSLUTÍMI**
Mán.–fös. 10–18 | Lau. 11–16
www.betrabak.is

Betra BAK

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing
**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


Bakþankar


Maríu Elísabetar Bragadóttur




## Musca domestica og ég

Mikilvægast er – ég kem að því á eftir. Fyrst er vert að minnast á hvali. Ég fór í hvalaskoðun nýlega. Komst að því að ég er úr tengslum við náttúruna og veit ekkert um önnur dýr. Vissi ekki að háhyrningar geta náð níræðisaldri. Það er hvalur við Íslandsstrendur sem er jafnaldri ömmu. Hann hefur synt og bylt sér í 79 ár í Norður-Íshafi.

Tíu tonna líkami syndir án afláts í niðamyrkri undirdjúpa. Syndir áratugum saman. Fæddist vorið 1937. Teygði risavaxið höfuð upp úr ölduróti, fnæsti rakri gufu upp í himininn. Heimkynni hans eitruð og sýkt af mannavöldum. Stoðar lítt að biðjast afsökunar á of miklu sjampói sem skolast ofan í niðurföll. Kurteisi er þýðingarlaus. Mannlegt fyrirbæri.

Mikilvægast er – fyrst verð ég að tala um flugur, eins og ég minntist á hvali. Gluggakistan mín, eins og aðrar gluggakistur, hefur alltaf verið dánarbeður flugna. Þar hrynja þær niður eins og svartar snjóflyksur. Sem barn kramdi ég einu sinni flugu. Vængirnir urðu móskulit klessa undir þungu eintaki af Harry Potter og eldbikarnum. Þrátt fyrir hversdagsleg og tíð dauðsföll, hamaðist hjarta mitt eitt augnablik af óskilgreindri og hátíðlegri sorg.

Mikilvægast er að muna eftir að vökva basilíkuna. Takast að fara í handahlaup og læra að baka franska súkkulaðiköku. Eignast kannski kiðfætt barn sem erfir ekki alla manns ósiði. Hugsa öðru hvoru um tilveruna eins og hún markist af dauða á hvítlakkaðri gluggakistu og kipruðum, næfurþunnum vængjum. Hugsa sömuleiðis um lífið umlukið vatni og líkama af óskiljanlegri þyngd. Þykja vænt um bæði flugur og hvali.








